



Ársskýrsla og reikningar 2011 UMSK

88. ársþing 9. febrúar 2012

Efnisyfirlit

Dagská 88. ársþings	4
Aðildarfélög UMSK 2011	5
Ávarp formanns	6
87. ársþing UMSK	7
Stjórn UMSK 2011	8
Aðildarfélög UMSK	9
Fjöldi aðildarfélaga og iðkenda.....	11
Unglingalandsmót UMFÍ	13
Forvarnardagurinn	13
Skólahlaup UMSK	16
Meistaramót UMSK í sundi	17
Fréttir frá UMFÍ.....	18
Fréttir frá ÍSÍ	20
Afreksmannasjóður UMSK	22
Reglugerð um heiðursveitingar	22
Skýrslur félaga	23
Lög UMSK.....	40
Héraðsmet í frjálsum.....	42
Heiðursviðurkenningar	44
Fyrirmyndarfélög	48
Söguritun	49
Reikningar 2011	50



Skýrslan

Skýrsla 2011, lögð fram á 88. ársþingi Ungmennasambands Kjalarnesþings var unnin á skrifstofu UMSK af Valdimar Gunnarssyni í febrúar 2012.

Umbrot og hönnun:

Magnús Óskarsson

Höfundar efnis:

Valdimar Leó Friðriksson

Valdimar Gunnarsson

Jón Kristján Sigurðsson

Halla Kjartansdóttir

Ljósmyndir: Úr safni UMSK og frá félögum.

Prentun: Litlaprent.

Dagskrá 88. ársþings UMSK

Haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal fimmtudaginn
19. febrúar 2012 kl. 18:00

Kl.18:00 Þingsetning

Kosning fyrsta og annars þingforseta
Kosning fyrsta og annars þingritara
Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar
Skýrsla stjórnar lögð fram
Endurskoðaðir reikningar lagðir fram

Ávörp gesta
Álit kjörbréfanefndar
Staðfesting á aðild nýrra félaga
Umræður um skýrslu stjórnar
Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga

Skipað í nefndir til starfa á þinginu, þar á meðal kjörnefnd
Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram
Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram
Aðrar tillögur lagðar fram
Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir
Afgreiðsla á álitum nefnda

Önnur mál
Kosningar, kjörnefnd skilar álitum
a. Kosning formanns
b. Kosning tveggja stjórnarmanna
c. Kosning þriggja manna í varastjórn
d. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara
e. Kosning til Íþróttþings skv. lögum ÍSÍ á því ári sem Íþróttþing er haldið

Þingslit.

Aðildarfélög UMSK 2011 - fjöldi félaga 16+/fjöldi fulltrúa á þing

Aðildarfélög:	Fjöldi félaga 16+	Fjöldi þingfulltrúa
Augnablik	69	1
Dansfélagið Hvönn	296	3
Dansíþróttafélag Kópavogs	645	6
Golfklúbbur Álftaness	142	1
Golfklúbbur Bakkakots	214	2
Golfklúbburinn Kjölur	654	7
Golfklúbburinn Nesklúbburinn	620	6
Golfklúbburinn Oddur	1177	9
Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar	1660	9
Handknattleiksfélag Kópavogs	5227	9
Hestaíþróttafélagið Hörður	621	6
Hestamannafélagið Adam	29	1
Hestamannafélagið Andvari	321	3
Hestamannafélagið Gustur	353	4
Hestamannafélagið Sóti	104	1
Hjólreiðafélagið Hjólamenn	41	1
Hvíti riddarinn	37	1
Íþróttafélag aldraðra Kópavogi	116	1
Íþróttafélagið Gáski	37	1
Íþróttafélagið Gerpla	5181	9
Íþróttafélagið Glóð	156	2
Íþróttafélagið Grótta	1249	9
Judófélag Garðabæjar	3	1
Keilufélagið Keila	6	1
Knattspyrnufélag Garðabæjar	30	1
Knattspyrnufélagið Ísbjörninn	32	1
Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar	17	1
Siglingafélagið Ýmir	266	3
Skotfélag Kópavogs	206	2
Skylmingafélag Seltjarnarness	27	1
Stálúlfur	58	1
Tennisfélag Kópavogs	548	5
Tennisfélag Garðabæjar	99	1
Umf. Álftaness	578	6
Umf. Breiðablik	6451	9
Umf. Stjarnan	2802	9
Ungmennafélagið Afturelding	3239	9
Vélhjólaíþróttaklúbbur Mosfellsbæjar	174	2
Samtals:	33485	145

Ávarp formanns



Ágætu þingfulltrúar.

Velkomin á 88. ársþing
Ungmennasambands Kjálarnesþings.

Ágætu þingfulltrúar og gestir

UMSK telur nú 49.870 félagsmenn í 38 virkum aðildarfélögum. Þar af eru 6 fjölgrein félög með 38 deildir þannig að þetta telur um 76 einingar. Íðkendum á UMSK svæðinu hefur fjölgað um eitt þúsund á milli ára og telja nú 22.490 m.a. vegna þess að eldri íðkendur taka fram skóna.

Samblíða fjölgun íðkenda og félagsmanna fjölgar líka í afreks-
hópnum sem sjá má m.a. í fjölgun umsókna í Afreksmannasjóð UMSK og árangri á mótum bæði innanlands og utan.

Þann 19. nóvember verður UMSK 90 ára. Stofnfélögin voru fjögur og íðkendurnir nokkur hundruð. En UMSK var byggt á traustum grunni sem við búum enn að. Á þessum tímamótum er nauðsynlegt að staldra við og safna á einn stað, upplýsingum um ævi sambandsins og þá sjálfbodaliða sem hafa gert það að því sem það er. Söguritun UMSK er hafin og fyrstu 20 árin verða tilbúin á afmælinu í nóvember. Síðan verða áratugirnir unnir jafnt og þétt og 100 ára sagan gefin út á prenti árið 2022.

Það eru til góð gögn frá stofnárnum UMSK þar sem m.a. stofndeginum er komið á hreint ein og segir í handritinu:

“Vitað var að stofnfundurinn var haustið 1922 en nokkrir stofndagar heyrðust nefndir allt frá september til desember. Hér stefndi í óefni því það er eiginlega ómögulegt að vita ekki hvað maður er gamall. Svo heppilega tókst til að söguritari fann gömul skjöl í kjallaraðeymslu UMFÍ og þar var meðal annars vérlitað frumeintak af fyrstu lögum sambandsins.

Undir lögnum stendur þessi setning: „Þannig samþykkt á stofnfundi 19. nóvember 1922.“

En það er stórt ár framundan og auk hefðbundinna verkefna þá verður UMSK mótshaldari á afmælisárinu. Hér á ég við Landsmót UMFÍ 50+. Mótið var fyrst haldið í fyrra og það kemur í okkar hlut að festa það í sessi. Það er áskorun sem við tökum feginn hendi og vonandi mun það efla enn frekar þáttöku eldri íðkenda á svæðinu og um land allt.

Ágætu félagar.

Fyrir þessu þingi liggur tillaga um breytingu á lottóreglugerðinni. Það eru skiptar skoðanir um þá tillögu sem millipinganefnd mun leggja fyrir þetta þing. En það var viðbúið þegar breyta á 20 ára gamalli reglugerð. Reglugerð sem segir til um hvernig skipta á þeim fjámunum með Íslensk getsþá úthlutar UMSK. Þrátt fyrir kreppuna þá hefur aukningin á lottótekjum átt sér stað. Kærkomin aukning á þessum tímum þegar aðrar tekjur félaganna hafa dregist saman –förum vel með þá fjármuni.

Ég við skora á þingfulltrúa að taka málefnalegar umræður á þinginu og forðast að taka þannig ákvörðun að einn liggji særður eftir.

Ég vil að lokum þakka stjórn, framkvæmdastjóra og aðildarfélögum fyrir frábært starf og samstarf.

Valdimar Leó Friðriksson



87. ársþing UMSK 2011

87. ársþing UMSK var haldið fimmtudaginn 10. febrúar kl. 18.00
í Versölum, félagsaðstöðu Gerplu Kópavogi.

Valdimar Leó Friðriksson, formaður UMSK setti þingið. Hann bauð þingfulltrúa og gesti velkomna til þings. Valdimar sagði meðal annars:

„UMSK er að verða 90 ára og líður að söguritun og því nauðsynlegt að skipa ritnefnd og hefja söfnun á gögnum. Valdimar lagði áherslu á að félögin héldi sínum fjárframlögum frá sveitarfélögum þrátt fyrir samdrátt. Það hann menn um að vera vel á verði og halda fast í sinn hlut hvort sem félögin geri það hvert í sínu lagi eða við sem ein heild.

Valdimar saði að þingið væri haldið í félagsaðstöðu Gerplu í og með til að heiðra félagið sem náð hefur frábærum árangri á árinu.

Valdimar Leó Friðriksson formaður UMSK flutti skýrslu stjórnar og Valdimar Gunnarsson framkvæmdastjóri las upp reikninga og skýrði.

Tekjur sambandsins á árinu voru 47.126.441. Afreksmannasjóðurinn var tekinn út og gjaldfærður í reikningum sambandsins bæði því sem var úthlutað og eftirstöðvarnar. Við það varð tap ársins - 338.574.2

Ávörp gesta:

Ólafur Rafnsson, forseti ÍSÍ: Ólafur flutti kveðju framkvæmdastjórnar Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands og óskar sambandinu til hamingju með glæsilega og skilmerkilega skýrslu.

Gott tilefni að halda sambandsþingið hjá Gerplu vegna þeirra glæstu sigra sem félagið hafði náð.

Hrósaði Kópavogi fyrir góða uppbyggingu íþróttamannvirkja.

Hvergi eins mikil fjölbreyttni í íþróttastarfinu eins og hjá UMSK hvað varða fjölda íþróttageina.

Íþróttahreyfingin er viss þjónustuaðili við sveitarfélögin.

Ólafur heiðraði því næst Gauta Grétarsson Gróttu með gullmerki ÍSÍ fyrir áralangt starf fyrir Gróttu og innan ÍSÍ. Helga Guðrún Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ

Þakkar formanni og stjórn UMSK fyrir samstarfið á árinu. Flutti kveðju frá stjórn UMFÍ.

Mikill metnaður lagður í skýrsluna, glæsileg skýrsla og reikningar.

Þakkar þátttöku UMSK í Fjölskyldan á fjallið en fjall UMSK var Úlfarsfell.

Þakkar þátttöku í Unglingalandsmóttinu í Borgarnesi og hve vel tókst til með mótið.

Óskar félögum innan UMSK til hamingju með alla þá titla sem unnust á árinu.

Helga sagði að UMFÍ hefði breyst mikið í tímans rás. Eðlileg breyting, dugleg að finna ný verkefni.

Í dag er áherslan á forvarnir og 50+.

Helga Guðrún heiðraði síðan Hildigunni Hilmarsdóttur Gróttu

Aðild nýrra félaga:

Stálúlfur Kópavogi – formaður Algirdas Slapikas

Júðófélag Garðabæjar – formaður Haukur Hafsteinnsson

Viðurkenningar á 87. ársþingi UMSK

Starfsmerki UMSK:

Alexander Arnarsson HK,

Ásta Sigrún Gylfadóttir HK,

Ásta St. Eiríksdóttir HK,

Sigvaldi Einarsson HK,

Einar Sigurðsson HK,

Ólafur Björnsson Breiðabliki,

Sveinn Gíslason Breiðabliki.

Guðmundur Jónsson Breiðabliki,

Ólöf Guðmundsdóttir Breiðabliki,

Jochum M. Ulriksson Gerplu

Guðmundur Halldórsson Gerplu,

Tryggvi Þorsteinsson Aftureldingu,

Erla Gísladóttir Gróttu

Gunnar Gíslason Gróttu,

Jóhannes Geir Benjamínsson Gróttu

Silfurmerki UMSK:

Kristján Erlendsson Gerplu

Gullmerki UMSK:

Magnús Jakobsson Breiðabliki

UMFÍ bikarinn og Fimleikabikar UMSK:

Kvennalið Gerplu

Dansbikarinn UMSK:

Hanna Rún Óladóttir og Sigurður Þór Sigurðsson DÍK

Frjálsíþróttabikar UMSK:

Kári Steinn Karlsson Breiðablik

Sundbikar UMSK:

Ingimar Logi Guðlaugsson Breiðabliki

Skíðabikar UMSK:

Hjalti Þór Ísleifsson Breiðabliki

Afreksbikar UMSK:

Íris Mist Magnúsdóttir Gerplu

Félagsmálaskjöldur:

Karl Sigurðsson HK

Albert Valdimarsson flutti tillögu um fjárhagsáætlun:
Tillögur lagðar fram og samþykktar varðandi eftirfarandi:

Breytingar á reglugerð um Afreksmannasjóð UMSK:

Að fela stjórn UMSK að hefja vinnu að söguritun sambandsins.

Að endurskoða útreikninga á greiðslum lottótekna til félaga og forsendur þeirra.

Valdimar Leó bar upp tillögu um stjórn afreksmannasjóðs þau:

Ástu Garðarsdóttur, Stjórnunni

Guðmund Jónsson, Breiðabliki

Andra Sigfússon, Gróttu

Auður Þorsteinsdóttir, Gerplu

Auk þess skipar stjórn UMSK 1 mann í stjórnina.

Kosningar:

Formaður kosinn: Valdimar Leó Friðriksson

Stjórn: Ester Jónsdóttir Breiðabliki og Albert Valdimarsson HK (voru kosinn til tveggja ára 2010).

Margrét Björnsdóttir Ými og Einar Jóhannsson NK kosin áfram til setu í aðalstjórn.

Varastjórn:

Svanur M. Gestsson Aftureldingu, Alda Kolbrún Helgadóttir Breiðabliki og Halldór

Valdimarsson HK.

Skoðunarmenn reikninga: Kristján Sveinbjörnsson og Hafsteinn Pálsson og til vara Logi Kristjánsson.

Þingi slitið kl. 21.05

Fundarritari,

Margrét Björnsdóttir

Stjórn UMSK

Stjórnin hélt 9 formlega fundi milli þinga.



Formaður

Valdimar Leó Friðriksson

Aftureldingu



Varaformaður

Ester Jónsdóttir

Breiðabliki



Gjaldkeri

Albert H.N. Valdimarsson

HK



Meðstjórnandi

Margrét Björnsdóttir

Ými



Meðstjórnandi

Einar Jóhannsson

NK



Varastjórn

Svanur M. Gestsson

Aftureldingu



Alda Kolbrún Helgadóttir

Breiðabliki



Halldór Valdimarsson

HK



Framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjóri sambandsins

er **Valdimar Smári Gunnarsson**.

Skrifstofan

Skrifstofa sambandsins er að Engjavegi 4, Reykjavík og er opin alla virka daga frá 9:00 -16:00.

Aðildarfélög UMSK 2011



Afturelding www.afturelding.is
Ungmennafélagið Afturelding, Mosfellsbæ
Félagið stofnað: 11. apríl 1909
Formaður: Sævar Kristinsson



UMFÁ www.umfa.is
Ungmennafélag Alftanes
Félagið stofnað: 6. janúar 1946
Formaður: Guðjón Þór Þorsteinsson



Breiðablik www.breidablik.is
Breiðablik ungmennafélag, Kópavogi
Félagið stofnað: 12. febrúar 1950
Formaður: Orri Hlöðversson



Gerpla www.gerpla.is
Íþróttafélagið Gerpla, Kópavogi
Félagið stofnað: 25. apríl 1971
Formaður: Jón Finnbogason



Stjarnan www.stjarnan.is
Ungmennafélagið Stjarnan, Garðabæ
Félagið stofnað: 30. október 1960
Formaður: Jóhann Steinar Ingimundarson



Grótta www.grottasport.is
Íþróttafélagið Grótta, Seltjarnarnesi
Félagið stofnað: 24. apríl 1967
Formaður: Haraldur Eyvinds Þrastarson



HK www.hk.is
Handknattleiksfélag Kópavogs, Kópavogi
Félagið stofnað: 26. janúar 1970
Formaður: Sigurjón Sigurðsson



Ýmir www.isisport.is/felog/ymir
Siglingafélagið Ýmir, Kópavogi
Félagið stofnað: 4. mars 1971
Formaður: Birgir Ari Hilmarsson



Kjölur www.gkj.is
Golfklúbburinn Kjölur, Mosfellsbæ
Félagið stofnað: 5. desember 1980
Formaður: Ásgeir Sverrisson



Gáski
Íþróttafélagið Gáski, Mosfellsbæ
Félagið stofnað: 10. júní 1982
Formaður: Snorri Magnússon



GKG www.gkg.is
Golfklúbbur, Kópavogs og Garðabæjar
Félagið stofnað: 17. apríl 1986
Formaður: Guðmundur Oddsson



Hörður www.hordur.is
Hestaíþróttafélagið Hörður, Mosfellsbæ
Félagið stofnað: 22. febrúar 1950
Formaður: Guðjón Magnússon



Gustur www.gustarar.is
Hestamannafélagið Gustur, Kópavogi
Félagið stofnað: 11. nóvember 1965
Formaður: Hermann Vilmundarson



SFK www.skotkop.is
Skotfélag Kópavogs, Kópavogi
Félagið stofnað: 28. apríl 1989
Formaður: Stefán Eggert Jónsson



Andvari www.andvari.is
Hestamannafélagið Andvari, Garðabæ
Félagið stofnað: 5. apríl 1965
Formaður: Ingibjörg G. Geirsdóttir



TFK www.tfk.is
Tennisfélag Kópavogs, Kópavogi
Félagið stofnað: 4. júní 1991
Formaður: Jón Axel Jónsson



GOB www.golf.is/gob
Golfklúbbur Bakkakots, Mosfellsdal
Félagið stofnað: 15. júní 1991
Formaður: Gunnar Ingi Björnsnsson



GO www.oddur.is
Golfklúbburinn Oddur, Garðabæ
Félagið stofnað: 14. júlí 1993
Formaður: Ingi Þór Hermannsson



Sóti
Hestamannaélagið Sóti, Bessastaðahreppi
Félagið stofnað: 30. maí 1994
Formaður: Steinunn Guðbjörnsdóttir



NK www.golf.is/nk
Golfklúbbur Ness
Félagið stofnað: 1964
Formaður: Eggert Eggertsson



Augnablik
Knattspyrnufélagið Augnablik
Félagið stofnað: 1981
Formaður: Guðjón M. Sveinsson



ÍAK
Íþróttafélag aldraðra Kópavogi
Félagið stofnað: 27. október 1994
Formaður: Hörður Þorleifsson



Hvönn www.hvonn.com
Dansfélagið Hvönn, Kópavogi
Félagið stofnað: 21. október 1995
Formaður: Hafsteinn Örn Guðmundsson



DÍK www.dansari.is
Dansíþróttafélag Kópavogs
Félagið stofnað: 1. desember 2001
Formaður: Ellen Dröfn Björnsdóttir

**KFK**

Keilufélagið Keila
Félagið stofnað: 1. febrúar 2004
Formaður: Ásgrímur Helgi Einarsson

**Riddarinn** www.riddarinn.is

Hvíti Riddarinn
Félagið stofnað: 27. janúar 2004
Formaður: Kristján Sigurðsson

**Skyldingafélag Seltjarnarness**

Skyldingafélag Seltjarnarness
Félagið stofnað: apríl 2003
Formaður: Helgi Njálsson

**Glóð**

Íþróttafélagið Glóð, Kópavogi
Félagið stofnað: 24. október 2005
Formaður: Lorens Rafn Kristvinsson

**GÁ**

Golfklúbbur Álftaness
Félagið stofnað: 14. maí 2002
Formaður: Steindór Grétarsson

**Hjólamenn** www.hjolamenn.is

Hjólreiðafélagið Hjólamenn
Félagið stofnað: 11. nóvember 2004
Formaður: Gunnlaugur Jónasson

**Motomos** www.motomos.is

Vélhjólaiþróttaklúbbur Mosfellsbæjar
Félagið stofnað:
Formaður: Guðni Friðgeirsson

Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar

Félagið stofnað: 13. desember 2009
Formaður: Hjalti Árnason

**Tennisfélag Garðabæjar**

Félagið stofnað: 4. desember 2008
Formaður: Heimir Þorsteinsson

**Knattspyrnufélag Garðabæjar**

Félagið stofnað: 12. mars 2008
Formaður: Lárus Guðmundsson

**Hestamannafélagið Adam Kjós**

Félagið stofnað 8. febrúar 2007
Formaður Pétur Blöndal Gíslason

**Íþróttafélagið Stálúlfur Kópavogi**

Félagið stofnað: 1. janúar 2010
Formaður: Algirdas Slapikas

**Judófélag Garðabæjar**

Félagið stofnað: 27. maí 2010
Formaður: Haukur Hafsteinsson

Staðfesting á aðild eftirfarandi félaga verður tekin fyrir á þinginu:**Kraftlyftingafélag Garðabæjar**

Félagið stofnað: 30. janúar 2011
Formaður: Alexander Ingi Olsen

Kraftlyftingafélag Seltjarnarness - Zetorar

Félagið stofnað: 10. janúar 2011
Formaður: Magnús Guðmundsson

Skautafélagið Fálkar

Kópavogi
Félagið stofnað: 20. október 2010
Formaður: Vilhelm Patrick Bernhöft

Rugbyfélagið Stormur

Seltjarnarnesi
Félagið stofnað: 29. september 2010
Formaður: Kristinn Þór





Fjöldi félaga og iðkenda í aðildarfélögum UMSK 2011

Félög:	Félagar			Iðkendur		
	Alls undir 16	Alls yfir 16	Alls	Alls undir 16	Alls yfir 16	Alls
Augnablik	0	69	69	0	32	32
Dansfélagið Hvönn	227	296	523	147	104	251
Dansípróttafélag Kópavogs	500	645	1145	180	194	374
Golfklúbbur Álftaness	21	142	163	21	138	159
Golfklúbbur Bakkakots	10	214	224	10	214	224
Golfklúbburinn Kjölur	74	654	728	74	627	701
Golfklúbburinn Nesklúbburinn	39	620	659	39	620	659
Golfklúbburinn Oddur	58	1177	1235	58	1177	1235
Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar	298	1660	1958	298	1660	1958
Handknattleiksfélag Kópavogs	2150	5227	7377	1228	555	1783
Hestaípróttafélagið Hörður	171	621	792	170	621	791
Hestamannafélagið Adam	8	29	37	8	29	37
Hestamannafélagið Andvari	194	321	515	193	314	507
Hestamannafélagið Gustur	112	353	465	108	353	461
Hestamannafélagið Sóti	60	104	164	48	92	140
Hjólreiðafélagið Hjólamenn	0	41	41	0	39	39
Hvíti riddarinn	0	37	37	0	36	36
Ípróttafélag aldraðra Kópavogi	0	116	116	0	67	67
Ípróttafélagið Gáski	0	37	37	0	33	33
Ípróttafélagið Gerpla	4746	5181	9927	1342	180	1522
Ípróttafélagið Glóð	0	156	156	0	272	272
Ípróttafélagið Grötta	785	1249	2034	967	724	1691
Judófélag Garðabæjar	19	3	22	18	1	19
Keilufélagið Keila	2	6	8	2	5	7
Knattspyrnufélag Garðabæjar	0	30	30	0	30	30
Knattspyrnufélagið Ísbjörninn	0	32	32	0	20	20
Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar	0	17	17	0	16	16
Siglingafélagið Ýmir	19	266	285	17	243	260
Skotfélag Kópavogs	3	206	209	3	75	78
Skylmingafélag Seltjarnarness	20	27	47	16	23	39
Stálúlfur	0	58	58	0	55	55
Tennisfélag Garðabæjar	31	99	130	31	89	120
Tennisfélag Kópavogs	172	548	720	169	524	693
Umf. Álftaness	318	578	896	349	101	450
Umf. Breiðablik	3080	6451	9531	2609	808	3417
Umf. Stjarnan	1903	2802	4705	1947	607	2554
Umf. Afturelding	1339	3239	4578	1292	292	1584
Vélhjólaiþróttakl. Mosfellsbæjar	33	174	207	22	158	180
Samtals	16392	33485	49877	11366	11128	22494



Fjöldi iðkenda pr.íþróttagrein innan UMSK

Íþróttagrein:	2008	2009	2010	2011	Breyting milli ára
Bandý	0	40	43	24	- 44,19%
Blak	368	409	451	585	+ 30,0%
Badminton	47	74	62	68	+ 9,7%
Borðtennis	75	79	40	66	+ 65,0%
Dans	724	700	865	870	+ 1,7%
Frjálsar íþróttir	260	290	273	454	+ 66,3%
Fimleikar	2640	2290	2874	2759	- 4,0%
Golf	4575	4985	4585	4936	+ 7,6%
Hjólreiðar	36	36	36	39	+ 8,3%
Handknattleikur	1908	2066	1980	2013	+ 1,7%
Judó		19			
Íþróttir fatlaðra	37	35	35	33	- 5,7%
Íþróttir aldraðra	692	684	974	944	+ 3,0%
Karate	281	252	336	380	+13,1%
Körfuknattleikur	826	975	1138	1185	+ 4,1%
Keila	29	32	7	7	
Kraftlyftingar	0	27	77	103	+33,7%
Knattspyrna	3122	3086	3720	3778	+ 1,5%
Hestaíþróttir	2095	1884	1995	1936	- 2,9%
Motorsport	107	155	165	180	+ 9,1%
Siglingar	230	232	239	241	+ 0,8%
Skíði	153	153	101	111	+ 9,9%
Skylmingar	20	39	39	39	
Sund	54	103	316	658	+108%
Skotfimi	118	119	119	78	- 34,4%
Taekwondo	38	45	82	124	+47,5%
Tennis	685	677	848	864	+ 1,8%

Heildarfjöldi iðkenda og félaga 2005–2011:

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Fjöldi iðkenda :	15972	17.611	18.724	19.435	19.728	21.400	22.494
Fjöldi félagsmanna	29972	31.262	34.724	38.098	42.129	45.848	49.877



14. UNGLINGA
LANDSMÓT
UMFÍ



Unglingalandsmót UMFÍ á Egilsstöðum

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið um verslunarmannahelgina á Egilsstöðum. UMSK hefur undanfarin ár tekið þátt í mótinu með stóran hóp keppenda og niðurgreiðir þátttökugjöld ungmenna á sambandssvæðinu. Að þessu sinni tóku þátt um 170 keppendur frá UMSK en það er talsverð fækkun frá fyrri mótum eins og fyrirfram var búist við. Þessa fækkun má eflaust skrifa á aukin ferðakostnað en það er nokkuð ljóst að margar fjölskyldur treystu sér ekki til að leggja út í slíkt ferðalag vegna kostnaðar.

Keppnisgreinarnar á mótinu hafa aldrei verið fleiri en nú. Keppt var í dansi, fimleikum, frjálsum íþróttum, glímu, golfi hestaíþróttum, mótorkrossi, knattspyrnu, skák og sundi. Auk þess var heilmikil skemmtidagskrá fyrir alla fjölskylduna. Mótið heppnaðist einstaklega vel og öll framkvæmd og aðstaða til fyrirmyndar. Allir skemmtu sér vel og veðurguðirnir léku við mótsgesti þessa helgi á Egilsstöðum.

Næsta Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið á Selfossi verslunarmannahelgina 2012.

Forvarnardagur 2011



Forvarnardagurinn 2011 var haldinn miðvikudaginn 5. október 2011. Dagurinn var helgaður nokkrum heilráðum sem geta forðað börnum og unglíngum frá fíkniefnum, ráðum sem eiga erindi við allar fjölskyldur í landinu.

Forvarnardagurinn er haldin að frumkvæði forseta Íslands í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík.

Íslenskar rannsóknir sýna að þeir unglíngar sem verja minnst klukkustund á dag með fjölskyldum sínum eru síður líklegir til að hefja neyslu fíkniefna. Að sama skapi sýna niðurstöður að mun ólíklegri sé að ungmenni sem stunda íþróttir og annað skipulagt æskulýðsstarf, falli fyrir fíkniefnum. Í þriðja lagi sýna rannsóknirnar fram á að því lengur sem ungmenni bíða með að hefja áfengisneyslu, þeim mun ólíklegri er að þau neyti síðar fíkniefna.

Niðurstöðurnar byggja á rannsóknum vísindamanna við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík sem hafa um árabil rannsakað áhættu hegðun ungmenna og hafa þær vakið alþjóðlega eftirtekt.

Félag innan UMSK tók þátt í verkefninu með heimsóknum í skólana á sínu svæði.



Sambandsþing UMFÍ á Akureyri

Sambandsþingi UMFÍ var haldið á Akureyri í október. UMSK sendi 17 fulltrúa á þingið. Helga Guðrún Guðjónsdóttir var endurkjörin formaður UMFÍ til næstu tveggja ára. Sex einstaklingar voru kosnir í stjórn. Nýir inn í aðalstjórn UMFÍ eru Stefán Skafti Steinólfsson, Ungmennafélaginu Skipaskaga, Haukur Valtýsson, Ungmennafélagi Akureyrar, Jón Pálsson, Ungmennasambandi Kjalarnesþings og Bolli Gunnarsson Héraðssambandinu Skarphéðni. Þær Björg Jakobsdóttir Ungmennasambandi Kjalarnesþings og Eyrún Harpa Hlynisdóttir Héraðssambandi Vestfirðinga voru endurkjörnar.

Í varastjórn koma inn ný þau Baldur Daníelsson, Héraðssambandi Þingeyinga og Matthildur Ásmundardóttir Ungmennasambandinu Úlfjóti og Anna María Elíasdóttir Ungmennasambandi Vestur Húnavetninga. Einar Kristján Jónsson, Ungmennafélaginu Vesturhlíð var endurkjörinn í varastjórn.



UMSK mótið í handbolta

Í september var gerð tilraun með að halda UMSK mót í handbolta. Mótið var sett á með skömmum fyrirvara og var öll framkvæmd í höndum handknattleiksdeildar HK. Að þessu sinn tóku þrjú lið þátt í mótinu þ.e. meistaraflokkслиð karla frá HK, Gróttu og Stjórnunni. Lið HK stóð uppi sem sigurvegari. Veitt voru verðlaun fyrir markahæsta- og besta leikmann mótisins.

Markahæstur var Ólafur Bjarki Ragnarsson HK og besti leikmaður mótisins var valinn Atli Ævar Ingólfsson, einnig úr HK.


Það er mál manna að mótið hafi heppnast vel og sé komið til að vera.



Landsmót 50+

Í nóvember var skrifað undir samninga vegna 2. Landsmóts UMFÍ 50+ sem haldið verður í Mosfellsbæ 8.-10. júní næsta sumar. Samningurinn er á milli Ungmennafélags Íslands og UMSK sem tekur að sér undirbúning og framkvæmd mótsins.

Mótið er fjölskylduhátíð með fjölbreyttri dagskrá en sérstök áhersla verður lögð á heilsueflingu almennings meðan á mótinu stendur. Framkvæmd mótsins er á ábyrgð UMSK en framkvæmdin mun að mestu mæða á aðildarfélögum í Mosfellsbæ. Fyrsta Landsmót UMFÍ 50+ var haldið á Hvamstanga 2011 og tókst vel. UMSK vill hvetja aðildarfélög sín til þess að nota tækifærið og efla framboð æfinga fyrir þennan aldurshóp og hvetja um leið félagsmenn sína til þátttöku.



Framtíðin

UMSK stóð fyrir gerð fræðsluefnis sem fékk heitið Framtíðin. Verkefnið var unnið af Viðari Halldórssyni íþróttafélagsfræðingi fyrir UMSK. Í verkefninu eru teknar saman hugmyndir og leiðir fyrir þjálfara og forsvarsmenn félaga um hvernig hægt er að auka félagslega þjálfun samhliða annari þjálfun í félagunum. Efnid er aðgengilegt á heimasíðu UMSK.



Íþróttafélag ÍSÍ

70. Íþróttafélagi ÍSÍ var haldið í Gullhömrum í Grafarholti í apríl. UMSK átti 28 fulltrúa á þinginu. Ólafur Rafnsson var endurkjörinn forseti. Í framkvæmdastjórn ÍSÍ voru kjörin Friðrik Einarsson, Gunnar Bragason, Hafsteinn Pálsson, Helga Steinunn Guðmundsdóttir, Helga H. Magnúsdóttir, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Jón Gestur Viggósson, Lárus Blöndal, Sigríður Jónsdóttir og Örn Andrésen. Í varastjórn voru kjörnir Garðar Svansson, Gunnlaugur Júlíusson og Gústaf A. Hjaltason.

Þingstjórn gengu vel fyrir sig, þingnefndir störfuðu á föstudagskvöld við yfirferð tillagna en þingið afgreiddi alls yfir 20 tillögur.

Þingforsetar voru Daníel Jakobsson bæjarstjóri á Ísafirði og Steinn Halldórsson starfsmaður ÍBR.



Línudansmót UMSK

Línudansmót UMSK fyrir 50+ fór fram í íþróttamiðstöðinni Varmá Mosfellsbæ í mars. Eitthundrað keppendur í sex liðum tóku þátt í keppninni. Þetta var í annað sinn sem UMSK stendur fyrir slíku móti. Gul og glöð frá Akranesi lentu í fyrsta sæti, Neisti Kópavogi var í öðru sæti og Kátir félagar frá Akranesi í því þriðja. Mikil ánægja var með mótið sem tókst einstaklega vel og verður öruggleg haldið áfram með þetta mót.



Fjölskyldan á fjallið

Fjölskyldan á fjallið er landsverkefni UMFÍ, og er liður í verkefninu Göngum um Ísland. Settir eru upp póstkassar með gestabókum á rúmlega 20 fjöll víðsvegar um landið. Flest þessara fjalla eiga það sameiginlegt að vera tiltölulega létt að ganga á. Markmiðið er að fá fjölskyldur í léttu fjallgönguferð og stuðla þannig að aukinni samveru, útivist og um leið líkamsrækt innan fjölskyldunnar.

Fjall UMSK í verkefninu 2011 var Úlfarsfell.



Afreksmannasjóður UMSK

Úr Afreksmannasjóði UMSK er úthlutað þrisvar sinnum á ári. Aldrei hafa jafnmargar umsóknir borist í sjóðinn eins og nú og má það eflaust rekja m.a. til betri kynningar á sjóðnum. Vegna fjölgunar umsókna tók sjóðsstjórn þá ákvörðun að allar styrkhæfar umsóknir fengju lágmarkstyrk. Á árinu var úthlutað styrkjum til verkefna sem 221 einstaklingar af sambandssvæði UMSK tók þátt í.

Í sjóðsstjórn sitja eftirfarandi: Andri Sigfússon Gróttu, Auður Þorsteinsdóttir Gerplu, Guðmundur Jónsson Breiðabliki, Ásta Garðarsdóttir Stjörnunni og Albert Valdimarsson UMSK.



Lottónefnd UMSK

Á 87. Ársþingi UMSK var samþykkt tillaga um að stofna nefnd sem skoða skuli reglugerð um Lottóúthlutun sambandsins og skal nefndin skila tillögu á næsta þingi. Nefndin hefur lokið störfum og liggur tillaga hennar um Lottóúthlutun fyrir þinginu. Eftirfarandi aðilar sátu í nefndinni: Birgir Ari Hilmarsson Ými, Birgir Birgir Bjarnason HK, Haraldur Eyvinds Þrastarson Gróttu, Arnar Ólafsson Gerplu, Gunnar Páll Þórisson GKG, Sigríður Ólafsson Herði.



Skólahlaup UMSK 2011

Skólahlaup UMSK var haldið föstudaginn 14. okt. í Mosfellsbæ. Mikil og góð þátttaka var í hlaupinu en á sjöunda-hundrað keppenda tóku þátt. Það eru allir grunnskólar á sambandssvæði UMSK sem hafa rétt til þátttöku í hlaupinu og voru keppendur frá sex skólum.

Eftirfarandi keppendur voru í fyrstu þremur sætunum í sínum aldursflokki:

4. bekkur stelpur:

1. Hafrún Halldórsdóttir Lágafellsskóla 1:27,04
2. Elín Helena Karlsdóttir Lindaskóla 1:30,21
3. Halla Rakel Long Lindaskóla 1:36,54

4. bekkur strákar:

1. Kristinn Hugi Arnarsson Lindaskóla 1:19,80
2. Eyþór Aron Wöhler Lágafellsskóla 1:21,18
3. Róbert Orri Þorkellsson Lágafellsskóla 1.26,98

5. bekkur stelpur:

1. Inga laufey Ágústsdóttir Varmárskóla 1:20,38
2. Sólveig Rut Þórarinsdóttir Lindaskóla 1:30,31
3. Telma Sól Bogadóttir Lindaskóla 1:32,09

5. bekkur strákar:

1. Ísak Jón Einarsson Lindaskóla 1:18,15
2. Ólafur Höskuldsson Lágafellsskóla 1:19,07
3. Jón Steinar Benediktsson Lindaskóla 1:20,25



6. bekkur stelpur:

1. Anna Pálína Sigurðardóttir Varmárskóla 2:57,91
2. Elín Helga Ingadóttir Flataskóla 2:57,89
3. Daníella Dögg Guðnadóttir Lindaskóla 2:58,09

6. bekkur strákar:

1. Viktor Elí Sturluson Varmárskóla 2:51,32
2. Viktor Örn Gunnarsson Lindaskóla 2:56,35
3. Arvid Ísleifur Jónsson Lágafellsskóla 2:57,32

7. bekkur stelpur:

1. María Ómarsdóttir Lindaskóla 3:03,50
2. Fanney Einarisdóttir Lindaskóla 3:03,93
3. Freyja R. Sigþórsdóttir Lindaskóla 3:10,50

7. bekkur strákar:

1. Gunnar Garðarsson Lágafellsskóla 2:46,38
2. Björgvin Heiðar Stefánsson Lágafellsskóla 2:46,83
3. Hörður Ásmundsson Lindaskóla 2:47,11

Bræðrabikarinn

Í Skólahlaupi UMSK er tekin saman hlutfallsleg þátttaka skólanna í hlaupinu og fær sá skóli Bræðrabikarinn til varðveislu í eitt ár sem hefur hlutfallslega bestu þátttökuna. Í ár er það Lindaskóli sem hlaut þennan eftirsóttu bikar en 94% barna í 4. -7. bekk í skólanum tóku þátt í hlaupinu. Skólinn vann bikarinn einnig í fyrra.



Meistaramót UMSK í sundi 2011

Meistaramót UMSK fór fram helgina 26. -27. nóvember í Kópavogslaug. Lið frá þremur aðildarfélögum UMSK sendu keppendur á mótið í alls 140 keppendur. Mótið hófst kl. 17:00 á föstudegi og var svo framhaldið á laugardegi og lauk kl. 18:00. Veittir voru bikarar fyrir mestu bætingu milli ára á sundmeistaramóti UMSK og fyrir stigahæsta einstakling í hverjum aldursflokki. Framkvæmd og umsjón með

mótinu var í höndum Sunddeildar Breiðabliks. Bætingabikar kvenna hlaut að þessu sinni Aþena Karaolani í Aftureldingu sem bætti sig um 22,03 í 100m skriði eða 11,02 á hverja 50m. Bætingabikar karla féll í skaut Kristófers Víðis Skaptasonar Breiðabliki fyrir 8,34 sekúndna bætingu í 50m skriðsundi.

Bikarar voru veittir fyrir stigahæstu sundin sem voru eftirfarandi:

12 ára og eldri

	Tími	FINA stig
Ragnheiður Karlsdóttir Sunddeild Breiðabliks 200 m skriðsund	2:15.83	556 stig
Brynjólfur Óli Karlsson Sunddeild Breiðabliks 400 m skriðsund	5:11.24	319 stig


13 – 14 ára

Athena Neve Leex Sunddeild Breiðabliks 400 m skriðsund	4:55.50	504 stig
Davíð Fannar Ragnarsson 400 m skriðsund	4:58.57	361 stig

15 og eldri

Líney Ragna Ólafsdóttir Sunddeild Breiðabliks 50 m skriðsund	29.49	490 stig
Ingimar Logi Guðlaugsson Sunddeild Breiðabliks 400 m fjórsund	4:48.09	558 stig





UMFÍ - fréttir 2011

Árið 2011 var fyrir margar sakir viðburðarríkt hjá Ungmennafélagi Íslands. Góð þátttaka var í verkefnum hreyfingarinnar og í fyrsta skipti var haldið Landsmót UMFÍ 50+. Fjórtaða Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Egilsstöðum og tókst með afbrigðum vel. Hér fyrir neðan verður stiklað á því helsta í starfi UMFÍ á síðasta ári.

Sambandsþing UMFÍ

Sambandsþing Ungmennafélags Íslands var haldið í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri dagana 15.-16. október. Samtals áttu 135 fulltrúar rétt til setu á þinginu. Helga Guðrún Guðjónsdóttir var endurkjörin formaður en í nýrri stjórn sitja Stefán Skafti Steinólfsson, Haukur Valtýsson, Jón Pálsson, Bolli Gunnarsson, Björg Jakobsdóttir og Eyrún Harpa Hlynisdóttir. Í varastjórn eru Baldur Danielsson, Matthildur Ásmundardóttir, Anna María Elíasdóttir og Einar Kristján Jónsson. Á öðrum stjórnarfundum skipti stjórnin með sér verkum. Haukur Valtýsson er varaformaður, Jón Pálsson gjaldkeri og Eyrún Harpa ritari.

Vorfundur UMFÍ á Ísafirði

Vorfundur Ungmennafélags Íslands var haldinn á Ísafirði dagana 27.-28. maí. Um 40 fulltrúar héraðssambanda sóttu fundinn.

Leiðtogaskóli NSU

Leiðtogaskóli NSU var haldinn á Íslandi dagana 8.-13. september 2011. Skólinn fór að mestu fram á Laugum í Sælingsdal en þátttakendur voru rétt um 30 talsins frá Íslandi, Danmörku, Noregi, Finnlandi. Margir skemmtilegir fyrirlestrar voru haldnir og þátttakendur fóru í dagsferð um Snæfellsnesið. Þátttakendur voru á einu máli um að skólinn hefði heppnast einstaklega vel og þeir myndi muna vel eftir fjörugu lærdómsríku námskeiði.

Ungmennavika NSU

Dagana 31. júlí – 7. ágúst sl. var haldin ungmennavika á vegum NSU. Ungmennavikuna sóttu alls 13 ungmenni frá Íslandi en samtals voru þátttakendur hennar um 50 talsins. Þátttakendur komu frá Norðurlöndunum og einnig frá Suður Slésvík. Hópurinn hittist í Svíþjóð en þaðan var farið til Álandseyja og síðan til Finnlands. Aðalþema vikunnar var hvernig ætti að aðstoða innflytjendur við koma sér fyrir í samfélaginu.

Unglingalandsmót UMFÍ 2011

Fjórtaða Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Egilsstöðum dagana 29. – 31. júlí 2011. Þátttakendur á mótinu voru rúmlega 1.200 sem var nokkuð færra en 2010 en þó eins og áætlanir sögðu til um. Öll keppnin gekk vel fyrir sig en keppt var í alls 11 keppnisgreinum og hafa þær aldrei verið fleiri. Gríðarlega mikil og metnaðarfull dagskrá var alla mótisdagana.

VNU - Vest Nordisk Ungdomsforum

Aðalfundur VNU var haldinn á Þjónustumiðstöð UMFÍ 20. apríl 2011. Auk fulltrúa UMFÍ sóttu fundinn fulltrúar



frá Sorlak á Grænlandi og FUR í Færeyjum. Helga Guðrún Guðjónsdóttir undirritaði f.h. UMFÍ samstarfssamning til þriggja ára á milli þessara þriggja aðila en UMFÍ mun leiða samstarfið á þessu tímabili. Á fundinum var farið yfir möguleika þessara aðila á samstarfi og með hvaða hætti það samstarf væri heppilegast. Fundinn sóttu frá UMFÍ: Garðar Svansson, Haukur Valtýsson og Ómar Bragi Stefánsson.

Lýðháskólar

Ungmennafélag Íslands er í samstarfi við ellefu lýðháskóla í Danmörku. Níu þessara skóla eru íþróttalýðháskólar en tveir með aðrar áherslur. Á vorönn 2011 stunduðu 12 einstaklingar nám í skólunum en á haustönn stunduðu alls 34 einstaklingar nám í þeim skólum sem eru styrktir af UMFÍ.

Prastaskógur

Eitt hundrad ár eru síðan Tryggvi Gunnarsson athafnamaður gaf Ungmennafélagi Ísland Prastaskóg til eignar. Stjórn UMFÍ skipaði 100 ára afmælisnefnd Prastaskógar. Í henni sátu Björn B. Jónsson formaður, Einar Kr. Jónsson og Jón Sævar Þórðarson. Af tilefni af afmæli skógarins var sett upp veglegt upplýsingaskilti um skóginn við Prastalund.

Göngum um Ísland

Í byrjun sumars kom út bókinn Göngum um Ísland. Bókin var alls 128 blaðsíður og þar var að finna útlitun á 300 stuttum gönguleiðum víðsvegar um landið og á þeim 24 fjöllum sem sambandsaðilar UMFÍ tilnefndu í verkefninu Fjölskyldan á fjallið. Í bókinni er einnig að finna ýmsan fróðleik, t.d. um hvað þurfi að hafa í huga þegar lagt er af stað í gönguferð. Bókinni var dreift inn á allar N1-stöðvar sem og á sundsstaði, upplýsingamiðstöðvar og víðar. Góð þátttaka var í verkefninu.

Ganga.is

Vefsíðan www.ganga.is hefur frá upphafi fallið vel í kramið meðal landsmanna en síðan er aldrei vinsælli en yfir sumartímenn. Vefsíðan hefur að geyma fjöldann allan af gönguleiðum um allt land sem og fréttir og hina ýmsu fróðleiksmola sem tengjast hreyfingu. Á vefsíðunni er þátttakendum gert kleift að halda utan um og fylgjast grannt með þeirri hreyfingu sem þeir hafa stundað og margir nýta sér þennan valkost allan ársins hring.

Fjölskyldan á fjallið

Fjölskyldan á fjallið er verkefni sem slegið hefur í gegn hjá UMFÍ. Gríðarlegur fjöldi fólks hefur tekið þátt í verkefninu frá vori og fram á haust. Tuttugu sambandsaðilar hafa tilnefnt fjöll í verkefnið og skipulagt göngur á þau fjöll. Árlega skrá um 12.000 manns nöfn sín í gestabækur sem komið hefur verið fyrir á toppi þessara tilgreindu fjalla.

Hættu að hanga! Komdu að hjóla, synda eða ganga!

Verkefnið Hættu að hanga! Komdu að hjóla synda eða ganga! hefst ár hvert þann 5. júní. Öllum er heimil þátttaka, óháð aldri og hægt er að velja milli þátttöku í einstaklingskeppni, hópa/fyrirtækjakeppni og/eða þátttöku í báðum keppnum. Þátttakendur skrá niður hreyfinguna sína inn á vefsíðuna ganga.is eða þau fjöll sem þeir hafa gengið uppá. Tilgangur verkefnisins er að hvetja almenning til að hreyfa sig saman.

Frjálsíþróttaskóli UMFÍ

Frjálsíþróttaskóli UMFÍ var haldinn í fjórða sinn sl. sumar. Frjálsíþróttaskólinn er ætlaður ungmennum á aldrinum 11 – 18 ára. Ungmennin koma saman á hádegi á mánudegi en skólanum lýkur á hádegi á föstudegi í sömu viku. Aðaláhersla er lögð á kennslu í frjálsum íþróttum en auk frjálsra íþróttar er farið í sund, leiki, óvissuferðir og kvöldvökur eru haldnar.

Leiðtogaskólinn

Leiðtogaskólinn heldur utan um og skipuleggur námskeið á vegum Ungmennafélags Íslands. Lögð er áhersla á að bjóða uppá námskeið sem gagnast félagsmönnum sem best. Megin áhersla hefur verið lögð á námskeiðið Síndu hvað í þér býr. Á námskeiðunum er farið yfir ýmsa þætti er tengjast ræðumennsku og fundarsköpum.

Landsmót UMFÍ 50+

Fyrsta landsmót UMFÍ 50+ var haldið á Hvammstanga dagana 24. – 26. júní 2011. Mótshaldari var USVH og gekk mótið í alla staði mjög vel fyrir sig. Þátttakendur á mótinu voru 300 sem er vel viðunandi miðað við að þetta er fyrsta landsmótið sem haldið hefur verið af þessum toga. Öll keppni gekk vel fyrir sig og keppt var í 12 keppnisgreinum en þær voru: sund, golf, boccia, hestaíþróttir, frjálsar íþróttir, starfsíþróttir, bridds, badminton, skák, pútt, þríþraut og fjallaskökk.

2. Landsmót UMFÍ 50+ verður haldið í Mosfellsbæ dagana 8. -10. júní í sumar.

Þjónustumiðstöð UMFÍ

Þjónustumiðstöð Ungmennafélags Íslands er í Sigtún 42 í Reykjavík. Í þjónustumiðstöðinni er haldið utan um starf UMFÍ og veitt ýmiss þjónusta við aðildarfélögin og félagsmenn. Þar er einnig aðstaða til fundahalda sem er nýtt af hinum ýmsu nefndum til nefndarstarfa, funda o.fl. Ungmennafélag Íslands rekur þjónustumiðstöð að Víðigrund 5 á Sauðárkróki. Skrifstofa Evrópu unga fólksins er með aðsetur í þjónustumiðstöð UMFÍ.

Ungmenna- og tómstundabúðir að

Laugum

Aðsókn í ungmenna- og tómstundabúðanna er sífellt að aukast eftir hrún. Fjöldi þátttakenda síðasta vetur var um 1700. Guðmundur Arngrímsson landslaga-arkitekt hefur unnið að því að byggja upp þrauta- og leikjabraut á lóð Lauga, sem kemur til að nýtast við kennslu og í frjálsa tímanum, vonast er til að hún verði til að vekja áhuga ungmennanna á meiri útveru.

Umhverfismál

Dagur íslenskrar náttúru var haldinn hátíðlegur í fyrsta sinn 16. september 2011. Dagurinn er fæðingardagur Ómars Ragnarssonar. Felst í þessu viðurkenning á framlagi Ómars til náttúruverndar og almenningsfræðslu um mikilvægi íslenskrar náttúru sem og allra þeirra sem lagt hafa sitt af mörkum til að fræða um íslenska náttúru.

Umhverfisráðherra veitt í fyrsta skipti veita viðurkenningu sem kennd verður við Ómar Ragnarsson. Viðurkenningin var veitt fyrir vandaða og eftirtektarverða umfjöllun eða fræðslu um náttúru Íslands. UMFÍ gerði þessum degi góð skil en farið var í herferð þennan dag með útvarpsstöðinni Bylgjunni þar sem brýnt var fyrir landsmönnum að ganga vel um landið. Einnig voru sambandsaðilar UMFÍ hvattir til að taka þátt í deginum.

Skinfaxi

Eins og áður komu fjögur blöð út af Skinfaxa. Sérstakt aukablað kom út í tengslum við Landsmót UMFÍ 50+ sem haldið var í fyrsta skipti á Hvammstanga sl. sumar. Blaðið var prentað í 25 þúsund eintökum og fékk mikla og góða dreifingu um land allt. Það sama verður einnig sagt um unglingslandsmótsblaðið sem fór í góða dreifingu víðs vegar um landið. Blaðið hóf samvinnu við N1 um dreifingu og hefur sú samvinna gengið vel en dreifing með þessum aðila var stórt stökk fyrir blaðið. Skinfaxi sést víðar og vekur athygli á þeim stöðum sem það liggur frammi.

Forvarnardagurinn

Forvarnardagurinn 2011 var haldinn í sjötta sinn 5. október. Forvarnardagurinn er helgaður þremur meginskilaboðum sem byggð eru á niðurstöðum íslenskra rannsókna, sem eru samvera, íþróttir og æskulýðsstarf og fresta áfengisdrykkju. Forvarnardagurinn er haldinn að frumkvæði forseta Íslands og Actavis í samvinnu við Ungmennasamband Íslands Samband íslenskra sveitarfélaga, Íþróttar- og Ólympíusamband Íslands, Bandalag íslenskra skáta og Reykjavíkurborgar.

Fyrirmyndarleikmaðurinn

Fyrirmyndarleikmaðurinn er átaksverkefni gegn munn-tóbaksnotkun knattspyrnumanna og ungs fólks, á vegum embættis Landlæknis, UMFÍ, KSÍ, ÍSÍ og ÁTVR. Einnig er herferðinni beint gegn notkun tóbaks á íþróttasvæðum. Forystumenn íþróttafélaganna eru hvattir til að fylgja eftir ályktun Íþróttar og sérsambanda, að útrýma allri notkun tóbaks úr öllu íþróttastarfi. Átakið var kynnt rækilega með auglýsingum og umfjöllun fjölmiðla. Markmið átaksins er að koma þeim skilaboðum áleiðs að íþróttir og munntóbak eiga enga sameið.

Þátttaka er lífstíll

Málþing undir yfirskriftinni Þátttaka er lífstíll voru haldin á vormánuðum á Sauðárkróki og í Grundarfirði. Málþingið bæði voru vel sótt og tóku þátt í þeim um 300 manns. Dagskrá þinganna var fjölbreytt. Ungmennaráð UMFÍ kynnti starfsemi sína. Þá fór einnig fram kynning á forvarnarstarfi og notkun á munntóbaki og hafði jafningjafræðslan umsjón með kynningunni. Heimamenn kynntu svo starfsemi ungmenna í sínu héraði. Þátttakendum var síðan skipt í vinnuhópa.





Fréttapunktur frá ÍSí

Íþróttapening ÍSí 2011

70. Íþróttapening ÍSí var haldið að Gullhömrum í Grafarholti, dagana 8. og 9. apríl síðastliðinn. Ólafur Rafnsson var endurkjörinn forseti ÍSí til tveggja ára. Á þinginu var kosid til stjórnar og hlutu eftirfarandi kosningu: Lárus Blöndal, Gunnar Bragason, Helga Steinunn Guðmundsdóttir, Jón Gestur Viggósson, Friðrik Einarsson, Örn Andrésson, Sigríður Jónsdóttir, Helga H. Magnúsdóttir, Hafsteinn Pálsson og Ingibjörg Berggrós Jóhannesdóttir. Í varastjórn voru kjörnir Gústaf A. Hjaltason, Garðar Svansson og Gunnlaugur Júlíusson.

100 ára afmæli ÍSí

Í ár verða liðin 100 ár frá stofnun Íþróttasambands Íslands en sambandið var stofnað þann 28. janúar 1912 í tengslum við þátttöku í Ólympíuleikunum í Stokkhólmi. Í tilefni afmælisins gefur ÍSí út veglegt afmælisrit þar sem stiklað er á stóru í sögu ÍSí og íþróttanna í landinu. Að störfum er Afmælisnefnd ÍSí sem undirbýr fjölbreytta dagskrá viðburða á afmælisárinu. Sambandsaðilar ÍSí hafa verið hvattir til samstarfs um afmælistengda atburði.

Ferðasjóður íþróttafélaga

Til úthlutunar í Ferðasjóði íþróttafélaga vegna ferða á árinu 2011 eru 51,1 m.kr. Stefnt er að úthlutun í byrjun febrúar 2012.

Stuðningur ríkisins vegna ferðakostnaðar íþrótt- og ungmennafélaga á landsvísu hefur haft gríðarlega mikið að segja fyrir alla hreyfinguna. Standa þarf vörð um þetta stóra hagsmunamál hreyfingarinnar og tryggja áframhaldandi framlag ríkisins til sjóðsins.

Íþróttamiðstöðin í Laugardal

Í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal eru höfuðstöðvar ÍSí og sérsambanda ÍSí, ásamt ÍBR, UMSK og fyrirtækja íþróttahreyfingarinnar, Íslenskrar Getspár og Íslenskra getrauna. Í Íþróttamiðstöðinni er góð aðstaða til fundarhalds og kaffitería, sem er hjarta miðstöðvarinnar. ÍSí hvetur sambandsaðila sína að heimsækja miðstöðina við tækifæri og kynna sér starfsemi ÍSí.



Fjármögnun sérsambanda

Árið 2006 var skrifað undir samning við ríkisvaldið um styrkveitingar til sérsambanda ÍSí. Upphæð styrksins var 40 m.kr. á árinu 2007, 60 m.kr. á árinu 2008, 70 m.kr. árið 2009, 63,7 m.kr. árið 2010 og 61,8 m.kr. fyrir árið 2011. Framlag til sérsambanda fyrir árið 2012 er 60,5 m.kr.

Heimasíða ÍSí

Á heimasíðu ÍSí, www.isi.is, er að finna ýmsan hagnýtan fróðleik um ÍSí og sambandsaðila þess, auk fræðsluefnis af ýmsum toga, fréttu og tilkynninga um viðburði í hreyfingunni. Sambandsaðilar eru hvattir til að heimsækja síðuna og kynna sér það sem þar er í boði.

ÍSí-fréttir

ÍSí gefur út rafræna útgáfu á fréttabréfinu ÍSí-fréttum, sem kom út reglulega í pappírsmáli hér áður fyrir.

Felix – tölvukerfi ÍSí og UMFÍ

Felix – tölvukerfi ÍSí og UMFÍ heldur vel utan um tölfraedi íþróttahreyfingarinnar en er einnig gott stjórnunartæki fyrir félög og deildir til að halda utan um iðkendur og stjórnir.

Þjálfaramenntun

Fjarnám ÍSÍ um 1. stig þjálfaramenntunar hefur slegið í gegn og er orðið helsta form þjálfaramenntunar á landsvísu. Á síðustu haustönn var 2. stig einnig keyrt í fjarnámi og tókst vel til.

Verið er að vinna að gerð námsefnis fyrir 3. stig þjálfaramenntunar í samvinnu við menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Fyrirmyndarfélag ÍSÍ

Fyrirmyndarfélag og fyrirmyndardeildir ÍSÍ eru ríflega 100 talsins. Sér sambönd, íþróttabandalög og héraðssambönd eru hvött til að leggja sitt af mörkum til að efla verkefnið og styðja félag sem stefna vilja að þessari gæðaviðurkenningu. Sú breyting hefur verið gerð að nú geta öll félag orðið Fyrirmyndarfélag ÍSÍ að uppfylltum kröfum ÍSÍ, óháð því hvort þau hafi barna- og unglingastarf á stefnuskrá sinni.

Forvarnardagur forseta Íslands

ÍSÍ kemur að skipulagningu og framkvæmd Forvarnardags forseta Íslands, ásamt UMFÍ, Bandalagi íslenskra skáta, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík.



Fræðsluefni ÍSÍ

ÍSÍ gefur út fjölbreytt fræðsluefni um ýmsa þætti íþróttastarfsins. Efnið má nálgast á heimasíðu ÍSÍ. Þar er einnig að finna viðbragðsáætlun við óvæntum atburðum, Síðareglur ÍSÍ og „Áttavítann“ sem er leiðbeinandi efni fyrir leiðtoga í íþróttahreyfingunni. Leiðbeinandi bæklingar ÍSÍ fyrir þá sem eru að koma sér af stað í hreyfingu eru sívinsælir og má þar nefna bæklinga um sund, hjólræiðar, kraftgöngu, stafgöngu og hlaup.

Íþróttaslysasjóður

Iðkendur og keppendur innan vébanda ÍSÍ geta sótt um 40% endurgreiðslu á hluta af kostnaðarhluta sjúklings vegna læknskostnaðs og kostnaðs vegna sjúkraþjálfunar vegna slysa sem þeir verða fyrir á æfingum og í keppni á vegum íþrótt- og ungmennafélaga innan ÍSÍ. Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu ÍSÍ.

Ólympísk verkefni

Á árinu 2012 sendir ÍSÍ þátttakendur í tvö ólympísk verkefni; þrjú ungmenni á Vetrarólympíuleika ungmenna í janúar og vonandi myndarlegan hóp íþróttafólks á Ólympíuleikana í London sem verða haldnir dagana 27. júlí – 12. ágúst nk.



Ólympíudagurinn – árlegur viðburður

Íþrótt- og Ólympíusambandið ásamt Ólympíufjölskyldu ÍSÍ héldu upp á alþjóðlega Ólympíudaginn þann 23. júní 2011 með því að bjóða upp á fjölbreytta dagskrá fyrir unga sem aldna, í samvinnu við íþróttafélög í borginni. Þann 23. júní árið 1894 var Alþjóðaólympíunefndin stofnuð. Þetta er því sérstakur dagur í sögu íþróttar og er markmiðið að bjóða fólki að koma saman, hreyfa sig, læra nýjar íþróttgreinar og kynnast ólympískum hugsjónum og gildum. Allir sem taka þátt og prófa einhverjar íþróttgreinar fá viðurkenningu frá Alþjóða Ólympíuhreyfingunni.

Úthlutun styrkja

Á árinu 2011 úthlutaði Afrekssjóður tæplega 55 m.kr. og Styrktarsjóður ungra og efnilegra úthlutaði 10,4 m.kr. Verkefnasjóður ÍSÍ úthlutar styrkjum til fræðslu- og útbreiðsluverkefna ásamt þjálfarastyrkjum til einstaklinga.

Almenningsíþróttir

Mikil þátttökaukning hefur átt sér stað í almenningsíþróttaverkefnum ÍSÍ og þátttökumet verið slegin á ári hverju.

„Lífshlaupið – landskeppni í hreyfingu“, er hvatningarverkefni sem er í gangi allt árið en sérstakt átak er í febrúarmánuði, það er vinnustaðakeppni sem stendur yfir í þrjár vikur eða frá 1.-21. febrúar og hvatningarleikur grunnskólanna sem stendur yfir í tvær vikur eða frá 1.-14. febrúar.

„Hjólað í vinnuna“ stendur yfir í þrjár vikur eða frá 2.-22. maí nk.

Sjóvá Kvinnahlaup ÍSÍ fer fram 16. júní í ár.

Lyfjamál

140 sýni voru tekin á árinu 2011, þar af 80 sýni eða 57% í keppni. Lyfjapróf voru tekin í 22 íþróttgreinum. Eitt sýni reyndist jákvætt á árinu. Auk þessara sýna tók Lyfjæftirlitsnefnd 34 sýni fyrir aðra. Lyfjæftirlitsnefnd ÍSÍ stendur fyrir námskeiðum og fjölbreytilegri fræðslu í tengslum við mála-flokkinn. Frekari upplýsingar um lyfjæftirlit er að finna á lyfjæftirlitsvef ÍSÍ, www.lyfjæftirlit.is.

Starfsskýrslur ÍSÍ

Sambandsaðilar eru minntir á að skila þarf starfsskýrslum til ÍSÍ fyrir starfsárið 2011 fyrir 15. apríl nk. Búið er að opna fyrir skilin á www.felix.is.

Aðstoð er veitt á skrifstofu ÍSÍ vegna skila á starfsskýrslum.



Afreksmannasjóður UMSK

Afreksmannasjóður UMSK er myndaður af ákveðnum hluta þeirra tekna sem fengnar eru frá Lottói. Stjórn UMSK úthlutar styrkjum samkvæmt umsóknum sem berast. Úthluta skal úr sjóðnum 3 sinnum á ári og skal auglýsa sérstaklega eftir umsóknum í sjóðinn. Sjóðsstjórn samanstendur af fimm aðilum úr hreyfingunni. Kosið skal um fjóra einstaklinga á ársþingi en fimmti stjórnarmaður er skipaður af stjórn UMSK.

Úthlutunarreglur:

1. Þátttaka í viðurkenndum Norðurlandamótum, Evrópumótum, heimsmeistaramótum og Olympíuleikum (leita skal viðurkenningar á mótahaldi hjá viðkomandi sersambandi).
2. Önnur verkefni og sérstök afrek sem verða sérstaklega metin hverju sinni. Með sérstökum afrekum er átt við að íþróttamaður hafi verið valinn í úrvalshóp til þátttöku í Olympíu-, Norður landa-, Evrópu- eða heimsmeistaramóts.
3. Almenn skal miða við að styrkuppþæð sé 20% af flugfargjaldi eða lágmarksupphæð sem sjóðsstjórn ákveður hverju sinni.
4. Umsóknir skulu berast frá félagi umsækjenda.
5. Stjórn sjóðsins skal færa rök fyrir úthlutun og höfnun úr sjóðnum.
6. Umsók um styrk skal hafa borist eigi síðar en þremur mánuðum eftir að móti lýkur.
7. Afreksmannasjóður UMSK úthlutar þrisvar sinnum á ári. Í fyrstu úthlutun skal úthluta allt að 1/3 af heildarsjóði, í annari úthlutun allt að 1/3 af heildarsjóði + eftirstöðvar af fyrstu úthlutun og í þriðju úthlutun skal úthluta allt að 1/3 af heildarsjóði + eftirstöðvar af annari úthlutun.
8. Á ársþingi UMSK veitir sjóðurinn styrk til afreksmanns og afrekshóps ársins.

Reglugerð um heiðursveitingar UMSK

1. gr. Inngangur

UMSK veitir við sérstök tækifæri einstaklingum eða félögum heiðursviðurkenningar fyrir mikil og góð störf fyrir sambandið. Jafnframt eru árlega veittar viðurkenningar fyrir góðan árangur í íþróttum.

2. gr. Viðurkenningar

1. Starfsmerki UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa af trúnaði mikil og góð störf fyrir sambandið eða aðildarfélögin.
2. Silfurmerki UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa í langan tíma fyrir sambandið eða aðildarfélögin.
3. Gullmerki UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa innan UMSK í langan tíma og gert stórt átak í félagsstörfum innan UMSK.
4. Heiðursviðurkenning UMSK, skjöldur, skal veittur þeim, sem ekki eru félagar í UMSK en styrkt hafa eða aðstoðað UMSK og /eða aðildarfélög verulega.
5. Félagsmálaskjöldur UMSK, gefinn af Axeli Jónssyni og konu hans Guðrúnu Gísladóttur, skal veittur árlega á ársþingi UMSK til einstaklings

sem skarað hefur fram úr í félagsstörfum á liðnum árum.

6. Afreksbikar UMSK skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í íþróttum á liðnu ári.
7. UMFÍ-bikarinn skal veita árlega á ársþingi UMSK til hóps sem skarað hefur fram úr í íþróttum á liðnu ári.
8. Frjálsíþróttabikar UMSK, gefinn af Dóru Gunnarsdóttur, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í frjálsíþróttum á liðnu ári.
9. Sundbikar UMSK, gefinn af Sundlaug Kópavogs, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í sundi á liðnu ári.
10. Fimleikabikar UMSK, gefinn af Ingvari Árnasyni, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í fimleikum á liðnu ári.
11. Dansbikar UMSK, gefinn af Sindra-stál, skal veita árlega á ársþingi UMSK til pars sem skar að hefur fram úr í dansi á liðnu ári.

Frá félögum



Afturelding



Aðalfundur Aftureldingar vegna ársins 2010 var haldinn 31. mars 2011.

Þá var kosinn algerlega ný aðalstjórn félagsins með Hreiðar Örn Zoega sem formann.

Hann sagði af sér eftir 2 daga og stjórnin í heild sinni eftir 6 daga setu. Í kjölfarið var haldinn annar aðalfundur 13. apríl 2011. Í aðalstjórn voru þá kosin:

Sævar Kristinsson formaður, Anna Sigríður Guðnadóttir, Ásmundur Pálsson, Helga Jóhannesdóttir og Guðjón Helgason aðalmenn. Auk þeirra eru þær Kristín Reynisdóttir og Hekla Klemenzdóttir varamenn í stjórn.

Félagsmenn Aftureldingar eru um 3.500 og þar af iðkendur um 1.350 í 10 deildum.

Í framhaldi af nýsamþykktari stefnumótun Aftureldingar var unnið að fjölmörgum verkefnum, en stefnan hefur fjórþættar áherslur: Félagssafnu, Uppeldisstefnu, Afreksstefnu og Lýðheilsustefnu.

Samningur um Frístundafjör fyrir fyrstu bekkni grunnskóla var endurnýjaður fyrir þetta starfsár og hefur verið mikil ánægja með framkvæmd hans. Samkvæmt könnunum sækja 77% allra barna í 1. og 2. bekk í Mosfellsbæ Íþróttafjör Aftureldingar sem telst vera góður árangur.

Afturelding mótaði sér metnaðarfulla jafnréttisstefnu á árinu og hlaut í kjölfar þess jafnréttisviðurkenningu Mosfellsbæjarfyrir að búa til og innleiða jafnréttisáætlun fyrir félagið og fylgjast þannig markvisst með stöðu jafnréttismála hjá félaginu bæði hvað varðar starfsfólk og iðkendur.

Nýr upplýsingavefurvefur félagsins var tekinn í notkun á starfsárinu eftir mikinn og langan undirbúning og hefur hann mælst mjög vel fyrir.

Íþróttamenn og iðkendur félagsins hafa margir náð góðum árangri á árinu Gróskumikið starf var í öllum deildum félagsins á árinu og flestar deildir státa af Íslandsmeisturum, deildarmeisturum, Íslandsmetum og/eda landsliðsfólki en innan Aftureldingar starfa 10 deildir. Íþróttamenn Aftureldingar eru þau Sigurgeir Thoroddsen frjálsíþróttamaður og Telma Rut Frímannsdóttir karatekona og var hún jafnframt valin íþróttakona Mosfellsbæjar.

Félagið hefur mest allt árið verið í viðræðum við Mosfellsbæ um úrbætur á aðstöðumálum félagsins en á síðustu 11 árum hefur iðkenda fjöldi Aftureldingar þrefaldast og er nú svo komið félagið hefur sprengt utan af sér alla aðstöðu. Þurfti félagið m.a. að hætta starfrækslu Sportklúbbs Aftureldingar vegna aðstöðuleysis. Virðist lausn aðstöðumála vera nú í sjónmáli.



Álftanes



Aðalfundur UMFA var haldinn 5. mars 2009 í íþróttamiðstöð Álftaness.

Eftirfarandi einstaklingar voru kjörnir í stjórn: Guðjón Þorsteinnsson formaður, Eiríkur Ágúst Guðjónsson, varaformaður, Einar Georgsson gjaldkeri, Sveinborg Lovísa Hauksdóttir ritari, Birgir Karl Ólafsson meðstjórnandi. Auk þeirra sitja formenn deilda í aðalstjórn félagsins; Stefán Ari Guðmundsson, knattspyrnu-deild, Luigi Bartolozzi, tennisdeild, Ragnar Arinbjarnarson, körfuknattleiksdeild, Þorgerður Kristinsdóttir, blakdeild.

Ungmennafélag Álftaness er með 5 deildir starfræktar, þ.e. knattspyrnu-deild, körfuknattleiksdeild, tennisdeild, blakdeild og frjálsíþróttadeild. Félagið er einnig í samstarfi við sunddeild Stjörnunnar og boðið er upp á æfingar í Álftaneslau auk þess sem iðkendur UMFA eiga kost á að sækja æfingar í Garðabæ. Þetta er þriðja árið sem félögin eru í samstarfi og hefur það mælst vel fyrir. Sunddeild Stjörnunnar sér um sundnámskeið leikskólubarna á sumrin í Álftaneslaug.

Knattspyrnu-deildin býður upp á æfingar, sem kallast 'bolti og leikur', fyrir tvo elstu árgangana í leikskóla. Deildin færði æfingarnar fyrir á daginn og býður upp á að þjálfarar og aðstoðarmenn sækji börnin í leikskólana. Þetta hefur mælst mjög vel fyrir en rúmlega 70 iðkendur sem stunda æfingar í flokknum.

Blak er vaxandi íþróttagrein á Álftanesi og þá aðallega hjá fullorðnum. Nú eru bæði starfandi karla- og kvennablak hópar og fjölgar jafnt og þétt í báðum hópum.

UMFA býður einnig upp á íþróttaskóla barnanna, þar sem börn á leikskólaaldri geta stundað alhliða hreyfinám undir handleiðslu þriggja íþróttáfræðinga. Ætla má að yfir 80% leikskólubarna á Álftanesi stundi einhverja hreyfingu hjá félaginu, annað hvort í íþróttaskólanum eða í 'bolta og leikja' tímum.

Skokkhópur var formlega stofnaður í síðasta haust. Forsvarsmenn hópsins hafa aðstoðað nýliða við að komast af stað og hefur hlaupurum fjölgað töluvert á síðustu mánuðum.

Almenningi stendur til boða að sækja svokallaða 'þrek-tíma' þar reynir á þol og þrek iðkenda gegnum fjölbreytt

ar aðferðir. Reyndur íþróttafraeðingur heldur utan um æfingarnar og iðkendur fá m.a. að kynnst hotyoga, tabata og fitnessbox.

Félagið útnefndi íþróttamann UMFÁ í fyrsta sinn í fyrra. Þá var það Júlíana M. Sigurgeirsdóttir, knattspyrnukona, sem vann. Íþróttamaður UMFÁ 2011 er Sverrir Bartolozzi, tennispilari.



Andvari



Aðalfundur Andvara var haldinn í Félagsheimili Andvara 29. Nóvember 2011. Kosin var ný stjórn, formaður félagsins er Ingibjörg G. Geirsdóttir, varaformaður er Guðjón Árnason, gjaldkeri er Geirprúður Geirsdóttir, meðstjórnendur eru Hrafnhildur Pálsdóttir og Sigfús A.

Gunnarsson, varamenn eru Erla Guðný Gylfadóttir og Sigurður Helgi Ólafsson. Félagsmenn eru 549.

Íþrótt- og hestamannafélagið Andvari er með mjög öflugt íþrótt- og félagsstarf. Fastir liðir í starfi þess eru reidnámskeið, en aukning hefur orðið í aðsókn að þeim. Eftirfarandi námskeið eru haldin á hverju ári: Knapamerki númer 1, 2, 3, 4 og 5, keppnisnámskeið, pollanámskeið, barnanámskeið auk ýmissa fullorðinsnámskeiða og á síðasta ári vorum við með námskeið hvernig á að bregðast við slysum. Á hverju ári eru haldin fjölmörg mót hjá Andvara; þrennir vetrarleikar, firmamót, íþróttamót, æskulýðsmót, karlatölt, meistaramót, þrígangsmót og gæðingamót sem jafnframt er úrtaka fyrir landsmót. Nefndir Andvara, sem allar eru mjög öflugar og virkar, standa fyrir fjölbreyttri dagskrá á hverju ári svo sem sameiginlegum reid túrum og skemmtunum ýmiskonar. Sjá nánari dagskrá á endurbættri heimasíðu félagsins www.andvari.is. Og www.facebook.com/Andvari.

Fjölmörg mikilvæg verkefni eru á döfni á komandi starfsári, sem dæmi má nefna: sameiningarviðræður við hestamannafélagið Gust heldur áfram og ganga þær vel, breikkun reidvega var fyrsta sameiginlega verkefni félagana, einnig eru Æskulýðsnefndir Andvara og Gusts að vinna saman, endurbætur á félagsaðstöðu og svæði Andvara, erum að skrá og rita sögu félags Andvara og ýmis smærri verkefni. Þess má geta að allt þetta er unnið í sjálfboðavinnu.

Ingibjörg G. Geirsdóttir formaður Andvara.

Augnablik



Aðalfundur haldinn í upphafi árs 2011

Í stjórn Augnabliks eru:

Guðjón Már Sveinsson, formaður og gjaldkeri

Óttar Angantýsson, varaformaður

Sigurjón Jónsson, ritari

Pétur Magnús Birgisson, meðstjórnandi

Hlynur Magnússon, meðstjórnandi

Verkefni stjórnar eru að finna hæfa leikmenn og þjálfara til að takast á við verkefni ársins fyrir hönd Augnabliks.

Í samstarfi við Breiðablik sendi Augnablik lið til leiks á Íslandsmótið í 3.deild karla A-riðli.

2.flokkur Breiðabliks og +30 ára lið Breiðabliks hétu þannig Breiðablik/Augnablik og spiluðu undir þeim formerkjum á Íslandsmótum.

Þjálfarar Augnabliks voru einnig þjálfarar 2.flokks Breiðabliks og var því mjög gott samstarf á milli félaganna alveg frá byrjun.

Leikmenn Augnabliks sinntu gæslustörfum á heimaleikjum Breiðabliks í meistaraflokki karla og sáu að hluta um getraunastarf Breiðabliks.

Liðið tók þátt í C-deild Lengjubikarsins og vann riðilinn sinn nokkuð sannfærandi með 4 sigurleikjum og markatöluna 16-3.

Í undanúrslitum sigraði Augnablik lið Ýmis 2-0 og tapaði svo úrslitaleiknum gegn liði Bjarnarins 0-1.

Augnablik spilaði í A-riðli 3.deildar ásamt Víði, KFG, KB, Markaregni, Vængjum Júpíters, Þrótti Vogum og Stál-Úlfi. Þar spilaði liðið 14 leiki; vann 11 gerði 1 jafntefli og tapaði 2 og endaði í fyrsta sæti riðilsins með markatöluna 57-11. Mættum svo liði KV í 8-liða úrslitum og duttum úr leik á útivallarmarki. KV sigraði svo 3.deildina.



Breiðablik



Aðalfundur félagsins fyrir árið 2010 fór fram þann 17. maí og var hann að venju haldinn í fundarsal Breiðabliks í Smára. Venuleg aðalfundarstörf.

Stjórnarmenn og formenn deilda mynda aðalstjórn. Á aðalfundi félagsins þann 17 maí 2011 voru eftirfarandi kjörnir í aðalstjórn: Orri Hlöðversson, formaður, Hannes Strange, varaformaður, Sveinn Gíslason gjaldkeri, Heiðar Bergmann Heiðarsson, ritari, Sunna Guðmundsdóttir meðstjórnandi, Ásgeir Baldurs meðstjórnandi, Ragnheiður Halldórsdóttir meðstjórnandi, Hannes Strange meðstjórnandi, Eiríkur Mörk Valsson, frjálsíþróttadeild, Sigríður Jónína Helgadóttir, körfuknattleiksdeild, Indriði Jónsson, karatedeild, Einar Kristján Jónsson knattspyrnudeild, Davíð Björnsson, skíðadeild, María Fanndal Birkisdóttir, sunddeild

, Halldór Eypórsson, kraftlyftingadeild, Dagný Erla Jónsdóttir, taekwondo deild.

Framkvæmdatjóri félagsins er Kristján Jónatansson.

Mikill og góður kraftur einkenndi starfið hjá Breiðabliki árið 2011 líkt og undangengin ár. Mikill fjöldi nýrra iðkenda hefur þátttöku íþróttanna hjá félaginu og telja félagar nú á þriðja þúsund. Margir góðir sigrar unnust utan vallar sem innan. Allar deildir reka öflugt æskulýðsstarf ásamt því að eiga afreksfólk í fremstu röð. Að öðrum glæstum sigrum félagsins ólöstuðum vakti frábær árangur Blikans Kára Steins Karlssonar einna mesta athygli ári 2011, en hann sló áratuga gamalt Íslandsmet í Marabonhlaupi karla og tryggði sér um leið sæti á Olympíuleikumum í London árið 2012.

Sambandsþing UMSK og og samabandsþing UMFÍ

Fulltrúar Breiðabliks fjölmenntu á 87. þing UMSK fór fram í Versölum í Kópavogi þann 10. febrúar síðastliðinn. Hlutu all-margir Blikar heiðursviðurkenningar á þinginu. Ester Jónsdóttir, Breiðabliki, var endurkjörin í stjórn UMSK. Þá sóttu fulltrúar Breiðabliks líka sambandsþing UMFÍ á Akureyri 15 - 16 október 2011 sem fulltrúar UMSK.

Fyrir utan daglegan rekstur og verkefni má nefna eftirfarandi atriði úr starfi Breiðabliks árið 2011:

Afreksskólinn

Í lok árs 2006 var settur á laggirnar Afreksskóli Breiðabliks. Markmið skólans er að bjóða efnilegustu iðkendum hverrar greinar fyrir sig upp á bestu mögulegar aðstæður til afreksæfinga. Í dag skiptir fjöldi nemenda við skólann mörgum tugum. Starfssemi skólans vel og er honum ekki síst þakkaður sá mikli árangur sem afreksmenn Breiðabliks hafa náð á unanförnum arum.

Þjónustusamningar

Um mitt ár 2011 lauk löngum samningaviðræður við Kópavogsbæ um gerð þjónustusamninga um rekstur Smárans og Fífunnar. Þrátt fyrir umtalsverðar skerðingar til reksturs íþróttamannvirkjanna miðað við undangengin ár gengu fulltrúar Breiðabliks þokkalega sáttir frá borði, ekki síst í ljósi þess hversu svigrú Kópavogskaupstaðar til framlaga hefur þungst undanfarin ár. Í samningunum var tekin upp sú nýbreytni að greina á milli rekstrarframlaga til reksturs mannvirkja og íþróttastarfs félagsins sem nú er í fyrsta sinn metið beint til fjár. Loks er vert að geta þeirrar góðu samstöðu sem ríkti á milli Breiðabliks, HK og Gerplu í samningaferlinu, en félögin stóðu ölli í samningaviðræðum við Kópavogsbæ á sama tíma.

Útgáfa

Líkt og undangengin ár var gefið út sameiginlegt kynningarblað Breiðabliks sem kemur út í byrjun vetrarstarfs undir heitinu „Hvað get ég gert í vetur?“ Þá gaf knattspyrnudeild út veglegt ársrit að þessu sinni. Bæði ritin er hægt að nálgast á heimasíðu Breiðabliks.

Áramótabrenna

Blikabrennan var glæsileg að vanda og flugeldasýningin stóð fyrir sínu, en hún er í höndum Hjálparseitar skáta í Kópavogi. Mörg þúsund manns sækja brennuna á hverju ári.

Sýningar, kosningar og fundir

Ahugi er fyrir því að fá Smárann og/eða Fífuna leigða undir ýmisskonar viðburði eins og sýningar, kosningar og aðra fundi. Allmargir slíkir viðburðir voru haldnir í húsunum á rekstrarárinu, en stærsti einstaki viðburðurinn var alþjóðlegs sjávarútvegssýning sem haldin var í Smáranum og Fífunni um miðjan september.

Hvítu riddarinn



Keppnistímabilið 2011 starfaði Hvítu riddarinn sitt fjórða ár undir verndarvæng knattspyrnudeildar Aftureldingar. Samstarfið er komið til að vera og hefur skilað gríðarlega góðu fyrir þá leikmenn sem liðið skipa.

Tilgangurinn með rekstri liðsins er sá að þeim Mosfellinum sem ekki tekst að komast í meistaraflökkslið Aftureldingar byðst að æfa knattspyrnu hjá hæfnum þjálfara, við bestu mögulegu aðstæður. Sterkustu leikmenn í 2. flokki Aftureldingar fá einnig tækifæri til að stíga sín fyrstu skref í meistaraflökki með Hvítu riddaranum.

Formaður félagsins Kristján Sigurðsson blés til aðalfundar í febrúar og var sama stjórn kjörin áfram.

Liðið tók þátt í öllum mótunum sem KSÍ bauð upp á. Árangurinn var ekki það sem menn muna eftir tímabilið, heldur hversu mikilvæga og góða reynslu ungu leikmennirnir fengu út úr því að taka þátt. Stefnan hefur verið sett á að gera betur á komandi tímabili.

Helsti baggi félagsins í rekstrinum eru félagaskiptagjöldin eins og búast má við að sé hjá öðrum félögum sem starfrækja lið með svipuðu sniði. Stjórnin hefur velt því fyrir sér hvort hægt sé að leggja til á ársþingi KSÍ að félög geti átt vensla/vinafélag, félagaskiptagjöld þeirra á milli væru mun lægri en föst verðskrá KSÍ segir til um í dag?

Daglegan rekstur annaðist Hanna Símonardóttir Þjálfari liðsins var Vésteinn Gauti Hauksson



Gerpla



Aðalfundur Íþróttafélagsins Gerplu fór fram 20. september 2011 en starfstímabil stjórnar Gerplu er frá haustönn til sumars hvert ár. Í stjórn félagsins voru kjörin: Jón Finnbogason, formaður stjórnar. Aðrir stjórnarmeðlimir; Arnar Ólafsson, Guðmundur L Gunnarsson, Karen Bjarnhéðinsdóttir, Linda Laufdal Traustadóttir, Margrét Auðunsdóttir og Ragnheiður M Ólafsdóttir.

Starf félagsins er umfangsmikið enda æfa hjá félaginu að jafnaði um 1500 iðkendur yfir vetrartímann. Framboð á æfingum og stuttum námskeiðum hefur verið aukið töluvert og má þar nefna nýbreytni sem m.a. eru námskeið fyrir mæður í fæðingarorlofi og börn þeirra. Það er afar eftirsóknarvert að æfa hjá Gerplu og er biðlisti í alla hópa félagsins. Í sumar voru rúmlega 500 börn sem nýttu sér fimleika og leikjanámskeið félagsins. Alls eru um 350 manns á biðlista og langstærstur hluti þeirra eru börn á aldrinum 5-7 ára. Félagið hefur á að skipa færðu starfsfólki en alls starfa um 130 hjá félaginu. Þar af eru um 30 manns í fullu starfi.

Félagið fagnaði á árinu 40 ára afmæli og var afmælisýning félagsins einn af hápunktunum í starfi félagsins. Sýningin

bar nafnið Fantasia. Venju samkvæmt eru sýningar félagsins stórglæsilegar en að þessu sinni var ennþá meira lagt í sýninguna og niðurstaðan var í samræmi við það. Glæsilegir fimleikamenn sem sveifluðu sér í svifrám sem festar voru í loftið í salnum, frábærar fimleikastúlkur og drengir sem gerðu dýnustökk í takt við dúndrandi trommuleik, lifandi söngur ásamt leikrænum tilþrifum frá kynni eru bara brotabrot af því sem áhorfendur upplifðu. Páll Óskar Hjálmtýsson kom á seinustu sýningu félagsins og tók þátt í lokaatriðinu. Það var uppselt á allar fjórar sýningar félagsins og sáu iðkendur, þjálfarar og starfsfólk félagsins til þess að áhorfendur fóru agndofa úr húsi.

Gerpla var mótshaldari á Norðurlandamóti unglunga í áhaldafimleikum á vormánuðum. Gerpla sá um alla þætti sem þurfti að huga að, en um 100 voru þátttakendur á mótinu; iðkendur, þjálfarar, dómamarar og fararstjórar. Félagið fékk mikið hrós frá erlendum gestum fyrir mótshald og umgjörð mótsins. Íslensku keppendunum gekk vel á mótinu og hlaut landslið stúlkna m.a. bronsverðlaun í liðakeppni.

Gerpla ber höfuð og herðar yfir önnur fimleikafélög á Íslandi hvað varðar árangur á árinu, þó svo að ljóst sé að samkeppni frá öðrum fimleikafélögum aukist stöðugt og fagnar Gerpla því. Meistaraflokkur félagsins í hópfimleikum varð Norðurlandameistari í nóvember. Róbert Kristmannsson vann til bronsverðlauna á bogahesti á Norður Evrópumóti. Thelma Rut Hermannsdóttir og Agnes Suto voru í landsliði kvenna sem vann bronsverðlaun í liðakeppni á sama móti. Það er gaman að segja frá því að Agnes Suto fékk íslenskan ríkisborgararétt á árinu og gat því í fyrsta skipti keppt með landsliði Íslands en Gerpla beitti sér töluvert fyrir því á árinu að stúlkna hlýti ríkisborgararétt hér. Stór hópur frá félaginu tók þátt á Special Olympics sem fram fór í Grikklandi og komu þau hlaðin verðlaunum til Íslands.

Það er skemmst frá því að segja að allir Íslandsmeistarar og Bikarmeistararitlar í meistaraflokkum hjá báðum kynjum og keppnisgreinum fimleika á Íslandi; áhalda- og hópfimleikum koma allir frá Gerplu. Róbert Kristmannsson og Thelma Rut Hermannsdóttir voru kjörin fimleikakona og fimleikamaður ársins hjá Fimleikasambandi Íslands. Meistaraflokkur kvenna í hópfimleikum hlaut viðurkenningu fyrir afrek ársins á sömu hátíð. Kristjana Sæunn Ólafsdóttir var kjörin íþróttakona Kópavogs.

Golfklúbbur Álftanes

Síðasti aðalfundur GÁ haldinn þann 3. febrúar 2011.



Ný stjórn varð kosinn:

Formaður: Doron Fritz Eliassen

Meðstjórnendur: Sveinbjörn Hrafn Sveinbjörnsson, varaformaður, Jóhan Gíslason,

Sigurður Óskar Eggertsson, ritari, Ingólfur Th. Bachmann, gjaldkeri.


Á árinu voru þó nokkrar breytingar gerðar á golfvöllinum. Tvær nýjar brautir (þriðja og fjórða) voru teknar í notkun ásamt breytingum á fimmtu, sjöttu og sjöundu. Þá voru endurgerðir teigar á 8. og 9.

Unglingastarf sumarsins var með hefðbundnum hætti.

Mótaskráin var hefðbundin:

Fimm stigamót GÁ voru haldin svo og meistaramót GÁ og kvennamót GÁ.

Bestu kveðjur, Doron F. Eliassen Formaður GÁ.



Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar



Aðalfundur GKG vegna ársins 2011 var haldinn í golfskálanum mánudaginn 28. nóvember 2011.

Stjórn klúbbsins er þannig skipuð:

Guðmundur Oddsson, formaður

Áslaug Guðmundsdóttir, varaformaður

Kristinn Jörundsson, gjaldkeri

Símon Kristjánsson, ritari

Bergþóra Sigmundsdóttir, meðstjórnandi

Gunnar Jónsson, meðstjórnandi

Gunnar Páll Þórisson, meðstjórnandi

Jónína Pálsdóttir, varamaður

Jón Kr, Baldursson, varamaður

Einar G. Guðmundsson, varamaður

Framkvæmdastjóri er Ólafur E. Ólafsson

Rekstur klúbbsins gekk mjög vel á árinu og var rekstrarafgangur ársins 27,1 milljónir króna. Klúbburinn er í dag skuldlaus.

Eins og undanfarin ár var á árinu unnið að allnokkrum framkvæmdum á golfvöllum GKG. Hér er listi yfir nokkur af þeim verkum sem unnin voru á árinu 2011:

Umhverfi 6. flatar á Leirdalsvelli endurmótað.

Umhverfi 10. flatar á Leirdalsvelli endurmótað.

Umhverfi 11. flatar á Leirdalsvelli endurmótað.

Umhverfi 4. flatar á Leirdalsvelli endurmótað.

Á árinu 2011 voru leiknir 26.600 hringir á Leirdalsvelli og 28.200 hringir á Mýrinni 9 holu velli GKG.

Félagar í GKG voru í lok árs 1.869 og er klúbburinn þegar kominn með mikinn biðlista. GKG er langstærsti klúbbur á Íslandi þegar kemur að barna og unglingastarfi.

Aldursskipting félagamanna:

67 ára og eldri 182

20 – 66 ára 1300

16 – 19 ára 64

15 ára og yngri 323

Yfir sumarið var boðið upp á golfnámskeið fyrir börn yngri en 14 ára og sóttu yfir 500 börn þessi námskeið.

Kvennastarfi innan klúbbsins er gríðarlega gott og hafa GKG konur komið saman á þriðjudögum í sérstakt kvennagolf ásamt því að vera með ýmis mót yfir sumarið.

Á árinu náðust tveir Íslandsmeistarar. Ragnar Már Garðarsson sigraði í Íslandsmótinu í högguleik 15-16 ára og sveit drengja 15 ára og yngri urðu einnig Íslandsmeistarar í Sveitakeppni unglunga, líkt og árið áður.

Fjórir kylfingar kepptu fyrir hönd Íslands í verkefnum GSÍ erlendis:

Alfreð Kristinsson og Guðjón Henning Hilmarsson á EM landsliða í Portúgal; Aron Snær Júlíusson á European Young Masters í Ungverjalandi; María Guðnadóttir á EM kvenna í Frakklandi. Miðað við árangur okkar fremstu unglunga þá er ljóst að GKG verður með fleiri fulltrúa í landsliðshópi GSÍ á næsta ári en nokkru sinni fyrr.

Keppnir barna- og unglunga: Líkt og undanfarin ár vorum við með tvær mótaraðir, Svalamótaröðina og Unglingamótaröðina. Í fyrra tóku 90 börn þátt í Svalamótaröðinni, sem er ætluð þeim börnum 12 ára og yngri sem eru að stíga fyrstu skrefin í keppni. Leikið er í Mýrinni. Í sumar tóku um 70 þátt, en á móti tóku fleiri þátt í Unglingamótaröðinni, sem leikin er á Leirdalsvelli. Það segir okkur helst að fleiri krakkar eru komin með forgjöf og eru tilbúin að taka næsta skref og keppa í Unglingamótaröðinni. Hinsvegar þarf að huga betur að kynningu fyrir Svalamótaröðina næsta sumar og fá enn fleiri til að taka þátt, enda er þetta mikilvægur vettvangur fyrir krakkana að taka fyrstu skrefin í léttri keppni þar sem þau læra að fara eftir helstu reglum, halda skor osfrv. Nánari upplýsingar um úrslit í innanfélagsmótunum er að finna í viðauka neðst í þessari skýrslu undir fyrirsögninni Úrslit 2011 í Svala- og Unglingamótaröð.

Við hvetjum krakkana til þátttöku í keppnum en gætum þess að þau fái verkefni við hæfi. Stiginn er þannig að þau byrja í innanfélagsmótum GKG, þ.e. fyrst í Svalamótaröðinni, síðan Unglingamótaröðinni, og svo Áskorendamótaröð GSÍ og loks Arionbankamótaröðinni.

Þátttaka GKG í unglingsmótum GSÍ var eftirfarandi:

Áskorendamótaröð:

2011: 34 keppendur. 2010: 26 keppendur. 31% aukning milli ára.

Arionbankamótaröð:

2011: 34 keppendur. 2010: 27 keppendur. 26% aukning milli ára.



Hjólreiðafélagið Hjólamenn

Starf hjólreiðafélagsins Hjólamanna var með miklum blóma árið 2011. Í byrjun árs var ráðinn nýr þjálfari til félagsins, en þá tók Karen Axelsdóttir við starfinu. Félagið var mjög öflugt í keppnishaldi og hélt 70% af þeim keppnum sem haldnar voru hérlandis á götuhjólum eða 7 keppnir samtals. Bar þar hæst 162 km keppni á Snæfellsnesi, Snæfellsneshringinn sem haldinn var í annað sinn og Landskeppnin við Færeyinga, þriggja dagleiða keppni sem haldin var í 9. sinn. Á haustmánuðum tók svo Viðar Þorsteinsson við þjálfun hjá félaginu. Að auki stóð félagið fyrir hönnun nýrra búninga og öflun styrktaraðila í sambandi við kaup á þeim og eru áform um að félagsmenn skarti nýjum búningum árið 2012.



Íþróttafélagið Glóð



Aðalfundur félagsins var haldinn 30. jan. 2011 í Gjábakka Kópavogi

Stjórn félagsins:

Lórens Rafn Kristvinsson, formaður.

Aðrir í stjórn eru:

Samúel Guðmundsson, Jóhanna Axelsdóttir, Sigurbjörn H. Ólafsson og Steinunn Ingimundardótt

Varastjórn: Friðgeir Guðmundsson og Sigurbjörg Björgvinsdóttir.

Formaður íþróttanefndar: Páll Guðmundsson.

Formaður fræðslunefndar: Stefán Friðbjarnarson, Ásta S. Gylfadóttir, Margrét Bjarnadóttir, Óli Geir Jóhannesson og Snæþór Laxdal Ólafsson.

Íþróttafélagið Glóð er stofnað 24. okt. 2004.

Kjörorð Glóðar er: **Hreyfing – Fæðuval – Heilsa.**

Árið 2011 var viðburðaríkt og annasamt hjá Glóðarfélögum að vanda.

Félagið tók þátt í öskudagsfagnaði í Austurbergi á öskudag að vanda og voru sýndir bæði línudansar og hringdansar í þremur hópum.

Tveir flokkar kepptu á UMSK línudansmótinu 50+ í Mosfellsbæ hreppi annar þeirra önnur verðlaun. Einnig sendi

félagið tvo hópa á Íslandsmót í línudönsum og náði annar þeirra í þriðju verðlaun.

Félagið tók þátt í Digraneshátíð og sýndi þar bæði línudansa og hringdansa og kynnti einnig aðrar greinar hjá félaginu, eins og Ringó og þútt.

Námskeið í þútti var haldið á þúttvelli félagsins við Kópavogslæk með um 20 manns, er lauk með móti. Sigurvegararnir mynduðu síðan sveit félagsins sem keppti á þúttmóti FÁÍA í september.

Félagið kynnti Ringó á Landsmóti UMFÍ 50+ á Hvamms-tanga.

Þá tók félagið þátt í Kópavogsdögum með hringdönsum og kynningu á félaginu.

Eftir sumarhvíld byrjuðum við á að bjóða til okkar vinum okkar úr FEBAN á Akranesi og þáðu um 30 félagar boðið og var skemmt sér langt frameftir kvöldi. Þá hafði félagið furðufataball fyrir félagsmenn og var það vel sótt og margir furðufuglar á sveimi á svæðinu.

Félagið auglýsti nýja grein ZUMBA, sem náði strax mikilli hylli, sem virðist vera að aukast.

Félagið bauð til stefnumótunar fundar þar sem þjálfarar félagsins voru í fyrirvari og leiðbeindu þáttakendum. Mjög góður árangur var af þessu og félagar úr ólíkum greinum kynntust betur og tóku sameiganlegar ákvarðanir inn í framtíðina.

Fjórir fræðslufundir voru á árinu, vel sóttir, þeim lauk með jólafundinum þar sem m.a. lýst var kjöri Íþróttamanns GLÓÐAR 2011. Sigríður Bjarnadóttir var kjörin með yfirgnæfandi meiri hluta atkvæða.

Lórens Rafn. Form.



UMF Stjarnan



Aðalfundur félagsins var haldinn í Stjörnuheimilinu þriðjudaginn 12.04.2011 og var hann vel sóttur. Dagskrá fundarins var hefðbundin. Lárus Blöndal var fundarstjóri.

Kynntar voru skýrslur stjórnar og deilda og reikningar lagðir fram. Tap var á rekstri félagsins á árinu. Reikningar félagsins voru samþykktir samhljóða á fundinum.

Snorri Olsen sem verið hefur formaður félagsins undanfarin 9 ár gaf ekki kost á sér til endurkjörs. Jóhann Steinar Ingimundarson var kosinn formaður í hans stað.

Í aðalstjórn félagsins voru kjörin þau Sigurður Bjarnason, Sigrún Dan Róbertsdóttir, Viðar Erlingsson og Þorsteinn Þorbergsson og í varastjórn þau Sara Rut Unnarsdóttir og Victor Ingi Olsen.

Úr stjórn gengu auk Snorra Olsen þau Pálína Hinriksdóttir og Þorsteinn Rafn Johnsen auk þess sem Elías Karl Guðmundsson gekk úr varastjórn.

Stjórnin skipti þannig með sér verkum að Sigurður Bjarnason er varaformaður, Þorsteinn Þorbergsson gjaldkeri, Sigrún Dan Róbertsdóttir ritari og Viðar Erlingsson meðstjórnandi. Framkvæmdastjóri sem fyrr er Páll Grétarsson.

Iðkendum félagsins fjölgaði enn á árinu 2011, mest í fimleikum og knattspyrnu.

Stjarnan varð á árinu Íslandsmeistari kvenna í knattspyrnu í fyrsta sinn í sögu félagsins. Þá endaði meistaraflokkur karla í körfuknattleik í 2. sæti Iceland Express deildarinnar. Auk þessi vannst fjöldi titla í yngri flokkum flestra deilda.

Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir fyrirliði meistaraflökks kvenna í knattspyrnu og Garðar Jóhannsson leikmaður meistaraflökks karla í knattspyrnu og markakóngur Pepsideilda karla árið 2011 eru íþróttamenn Garðabæjar árið 2011.

Á haustmánuðum var hafin vinna við stefnumótun Stjórnunnar. Gert er ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki á fyrsta ársfjórðungi ársins 2012 og afraksturinn kynntur á aðalfundi félagsins í vor.



Golfklúbburinn Kjölur



Aðalfundur Golfklúbbsins Kjalar fór fram þann 1. desember í Hlégarði og mættu 55 félagar. Á fundinum voru rædd venjuleg aðalfundarstörf, skýrsla stjórnar og reikningar ársins lagðir fram og samþykktir.

Formaður klúbbsins er Ásgeir Sverrisson en hann var endurkjörinn á aðalfundinum eftir að hafa tekið við af Gunnari Páli Pálssyni í febrúar 2011. Í stjórn klúbbsins næsta árið ásamt formanni voru kosnir eftirtaldir: Anna Antonsdóttir, Skúli Skúlason, Guðjón Karl Þórisson, Guðmundur Jón Tómasson, Hilmar Harðarson og Davíð Gunnlaugsson sem er varamaður í stjórn.

Almennt gekk félagsstarfið vel. Félagsmönnum fjölgaði úr 665 í 677 eða um rúm 2% sem er aðeins minna en í áætlun stjórnar.

Árangur okkar þetta árið hefur oftast verið betri. En þó varð Kristján Þór Einarsson í 2. sæti í Íslandsmóti í högg-leik á eftir Axeli Bóassyni og svo voru báðar sveitir okkar í 3. sætum í sveitakeppni GSÍ.

Eins og undanfarin ár var haldið úti æfingum fyrir alla hópa barna og unglinga. Æfinghópum var fjölgað til að fækka í hverjum hópi sem vonandi gefur okkur markvissari árangur út úr hverjum hóp. Hópunum er getuskipt svo allir iðkendur fái verkefni við sitt hæfi. Æft var á æfingasvæði GKJ yfir sumartímenn en í vélaskemmuni, nýrri æfingaaðstöðu okkar yfir vetrartímenn. Eina sem vantaði í starfið hjá okkur eins og undanfarin ár, var að fjölga stúlkum á æfingar þær eru nú aðeins 5.

Fjögur golfnámskeið barna voru haldin yfir sumartímenn og voru þau vel sótt.

Eins og áður segir var opnuð ný æfingaaðstaða fyrir Kjöl og Bakkakot í Vélaskemmu klúbbsins og hefur hún gjörbreytt öllum möguleikum okkar til æfinga. Einnig hefur aðstaðan boðið uppá æfingaaðstöðu fyrir hinn almenna kylfing klúbbsins.

Uppbygging nýja vallarins hefur gengið vel og var á árinu opnað inná tvær síðustu holurnar þannig að við höfum 18 holu völlu tilbúinn á árinu. Aðeins á eftir að tyrfa teiga á 7. og 8. holu vallarins og er gert ráð fyrir að það klárast í vor. Við vélageymslu var í fyrra útbúin æfingahola fyrir styttri högg. Nú vantar aðeins mold í grjótnámuna og á seinni hluta æfingarsvæðis, til að klára svæðið alveg þó að það sé eftir ýmislegur finni frágangur s.s. á milli brauta sem mun verða klárað smá saman. Þar sem við erum að opna síðustu tvær holurnar í 18 holu Hlíðavelli erum við að taka inn nýja félag og getum bætt við okkur 250-300 félögum næstu tvöþrjú árin.

Þess má geta að Golfklúbburinn Kjölur býður þeim félögum sem eru atvinnulausir eða hafa lent illa í kreppunni að sækja um niðurfellingu á félagsgjöldum að hluta til eða alveg. Aðeins þarf að fylla út eyðublað þar að lútandi og skila afriti af skattaskýrslu síðasta árs. Farið er með hvert mál sem trúnaðarmál.

Vegna kreppunnar er búið er að setja byggingu á nýjum golfskála í bið næstu 2-3 árin og jafnvel lengur.

Að lokum má geta þess að klúbburinn fékk viðurkenningu sem fyrimynda félag ÍSÍ á aðalfundi félagsins 2010 en það var Sigríður Jónsdóttir formaður fræðslusviðs ÍSÍ sem afhenti Gunnari Páli þáverandi formanni klúbbsins viðurkenninguna.



Gustur

Stjórn félagsins:

Formaður Hermann Vilmundarson

Varaformaður: Böðvar Guðmundsson

Gjaldkeri: Einar Þorgeirsson

Ritari Garðar Gíslason

Meðstjórnandi: Þorsteinn Ragnarsson

Varamenn: Bryndís Valbjarnardóttir og Kristín Jónasdóttir

Starfsemi Gusts árið 2011 hófst með fjölbreyttu námskeiðahaldi bæði fyrir börn og fullorðna. Þátttaka var með allra besta móti. Vetrarleikar voru haldnir eins og venjulega og var þátttaka í þeim mjög góð. Æft var fyrir „hestadaga í Reykjavík“ og var mikil stemming hjá yngst kynslóðinni fyrir þeim viðburði.



Kvennatölt var haldið og aldrei fyrr hafa jafn margar konur skráð sig til leiks. Ármenn stóðu fyrir sínum árlegu reiðtúrnum, en starfsemi Ármanna er vissulega einn af hornsteinum félagsstarfsins okkar sem margir hafa ánægju af að taka þátt í. Prauta- og leikjadagur sem haldinn var á Föstudeginum laga var einn sá besti sem haldinn hefur verið hingað til. Kvennadeild félagsins er þekkt fyrir sitt öfluga starf og varð engin breyting á því nú en endranær ekki fremur en starfsemi Gustkórsins. Yfir vetrarmánuðina er boðið uppá reiðþjálfun í reiðhöll félagsins fyrir fötluð börn á vegum Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og hefur það samstarf varað í um það bil 10 ár. Loks ber að nefna Kulsfélagið sem heldur sinn árlega fund einu sinni á ári, mörgum til ánægjuauka. Af upptalningunni sést að mikil starfsemi hefur átt sér stað á liðnu ári og því er ekki úr vegi að þakka öllum sem lögðu hönd á plóginn fyrir sitt óeigingjarna starf. Hestamannafélagið Gustur stóð fyrir sumarreiðnámskeiðum í samstarfi við ITK og hefur það samstarf staðið í rétt tæp 40 ár. Félagið sendi friðan flokk keppenda á Landsmót Hestamanna sem haldið var á Vindheimamelum í Skagafirði og var árangur þeirra með ágætum.

Starfsárið hefur verið erfitt fyrir félagið að því leiti að aðstað félagsmanna er flutt úr Gláðheimum á Kjávelli en keppnis og æfingarastaða er ekki tilbúin þar og verður því að nýta aðstöðu sem til staðar er í Gláðheimum. En við hestamenn lítum björtum augum til framtíðar og sjáum fram á að fá glæsilega aðstöðu til æfinga og keppnishalds á Kjávöllum.



Ísbjörninn



Aðalfundur var haldinn 3.janúar 2012. Á honum voru rædd hefðbundin mál, ásamt því að kjósa í stjórn. Ívar Örn Arnarsson sagði af sér sem ritari og Gunnlaugur Óskar Geirsson var kosinn í staðinn.

Árshátíð félagsins var haldin um miðjan september í miðbæ Garðabæjar og þar voru veitt verðlaun til leikmanna sem kosin voru af félagsmönnum.

Ísbjörninn tók þátt í eftirtöldum mótum á árinu; Valitorbikarinn 2011 og Íslandsmót í knattspyrnu, 3.deild karla.

Félagið stundaði æfingar að meðaltali 3 sinnum í viku yfir keppnistímabil áður nefndra móta.

Stjórn félagsins:

Formaður: Hafþór Karlsson

Varaformaður og framkvæmdarstjóri:

Denis Grbic

Gjaldkeri: Sigurður Rúnar Birgisson

Ritari: Gunnlaugur Óskar Geirsson

Kveðja Knattspyrnufélagið Ísbjörninn



Golfklúbbur Bakkakots



Golfklúbbur Bakkakots hélt upp á 20 ára afmælið sitt á liðnu ári með pomp og prakt. Margt var gert á afmælisárinu, meðal annars bauð klúbburinn upp á golfkennslu í hóptímaformi fyrir alla félagsmenn í hverri viku yfir sumarmánudöguna. Góður rómur var gerður að þessu og voru félagsmenn duglegir að nýta sér þetta allt sumarið.

Aðalfundur GOB var haldinn mánudagskvöldið 12. desember. Alls mættu til fundar 19 félagsmenn og hlýddu á skýrslu stjórnar, yfirferð ársreikninga og tóku þátt í líflegum umræðum um starfsemi GOB, framtíð og rekstrarárið sem nú er að líða. Félögum fækkaði milli ára og eru nú 202. Var það tillaga stjórnar að lækka almenn félagsgjöld og gefa háskólanámsmönnum 40% afslátt af félagsgjöldum næsta árs. Einnig verður boðið upp félagsaðild með takmarkaðri leikheimild gegn 40% lægri félagsgjöldum en slíkt er nýlunda á Íslandi. Miðað er við að þeir sem nýta sér þetta hefji leik fyrir kl. 14 virka daga og eftir kl. 16 um helgar. Er það von stjórnar að þessar aðgerðir komi til með að fjölga félögum GOB á nýjan leik.

Reikningar klúbbsins voru samþykktir samhljóða enda rekstrarniðurstaða ársins mjög góð. Eftir afskriftir ársins var bókfært tap á rekstri klúbbsins um 1.5 milljón en fjármagnsliðir klúbbsins voru jákvæðir um tæpar 9.9 milljónir og því útkoma ársins jákvæð um 8.3 milljónir. Ræður þar mestu um endurfjármögnun langtíma lána klúbbsins en langtíma lán klúbbsins lækka á milli ára um rúmar átta og hálf milljón. Skammtímalán klúbbsins lækka enn fremur um rúmar 4.7 milljónir. Heildarskuldir GOB eru því 28.6 milljónir krónur en voru 42 milljónir árið 2010.

Gunnar Ingi Björnsson var endurkjörinn formaður klúbbsins með öllum greiddum atkvæðum og er að hefja fimmta árið sem formaður GOB. Stjórn GOB starfsárið 2011-2012 skipa annars: Kristinn Wium, varaformaður, Lýður Heiðar Gunnarsson, gjaldkeri, Þórður Ármannsson, ritari og Eypór Ágúst Kristjánsson. Þórður kemur nýr inn í stjórn klúbbsins í stað Eiríks Jónssonar sem nú stígur til hliðar eftir 5 ára veru í stjórn GOB sem ritari stjórnar. Hlaut Eiríkur standandi lófaklapp fundarmanna fyrir störf sín í þágu GOB.

Starfsemi GOB var fjölbreytt á árinu líkt og undanfarin ár. Helstu framkvæmdir ársins snéru að stígum á milli flata og teiga auk þess sem sjálfsafgreiðslubúnaður var settur upp í andyri golfskálans. Var þetta gert með því markmiði að auka innheimtur vallargjalda og minnka umferð án greiðslu þeirra. Var reynslan af þessum búnaði ágæt og munu notkun hans næstu sumur verða eflað og komið í endanlegan farveg.

Á liðnu sumri tók klúbburinn yfir rekstur veitingaskála klúbbsins. Heilt yfir tókst sá rekstur nokkuð vel til. Umtalverð aukning varð á seldum vallargjöldum milli ára og er það vel.

Golfkennsla, barna- og unglingastarf og þjálfun afreksfólks var sem fyrr í höndum Einars Lyng. Starfsemin á árinu hófst með innitímum í vélaskemmum hjá Blikastöðum eftir áramót en fluttist síðan í Bakkakot eftir opnun vallarins í lok maí. Fjöldi barna og unglinga stunduðu æfingar á vegum klúbbsins á árinu. Hápunkturinn á barna- og unglingastarfinu var meistaramótið sem haldið var í júlí. Má með sanni segja að þar hafi ríkt sannur keppnisandi og jafnframt mikil gleði.

Keppnissveit GOB í karlaflokki tók þátt í sveitakeppni í 3. deild og fór keppnin fram á Húsatóftarvelli við Grindavík í ágúst. Keppnissveit GOB hélt sæti sínu í deildinni og stefnir an er því sú að endurheimta sæti í annarri deild að ári. Meistaramót klúbbsins var að venju haldið í júlí. Keppendur voru alls 57 og luku 52 keppni. Klúbbmeistari kvenna árið 2011 er Unnur Jónsdóttir og Klúbbmeistari karla Gunnar Ingi Björnsson. Einnig var keppt var í holukeppni GOB og er Holumeistari karla árið 2011 Gunnar Ingi Björnsson og holumeistari kvenna er Sigríður Ingibjörg Sveinsdóttir. Tópasmeistarar árið 2011 voru síðan hjónin Eypór Ágúst Kristjánsson í lægri forgjafarflokki og Sigríður Ingibjörg Sveinsdóttir í hærri forgjafarflokki en Inga er að vinna þann flokk annað árið í röð.

Hin árlega bændaglíma var síðan haldin þann 24. september og var það síðasta mót ársins.

Golfklúbbur Bakkakots þakkar öllum félagsmönnum sem og gestum fyrir golfsumarið og vonar að þrátt fyrir snjóþyngsli í byrjun árs 2012 að sumarið verði með besta móti.



Dansfélagið Hvönn



Dansfélagið Hvönn var stofnað 21. október 1995 og er elsta félagið innan Dansíþróttasambands Íslands. Þann 1. janúar 2009 fékk Dansfélagið aðstöðu í Vallarkór 14 glæsilega 400 fermetra aðstöðu ásamt 30 fermetra skrifstofuadstöðu og var gengið frá þessu samkomulagi við Kópavogsbæ við hátíðlega athöfn í janúar 2009. Starfið sem hefur gengið vonum fram á árinu 2011. Stjórn félagsins skipa: Hafsteinn Örn Guðmundsson formaður, Aldís Gunnarsdóttir, Örvar Möller, Hildur Ýr Arnarsdóttir og Salvör Kristín Héðinsdóttir. Gestaþjálfarar hafa komið þrisvar á árinu frá Þýskalandi. Aðalþjálfari er Hildur Ýr Arnarsdóttir.



Gróttu



Aðalfundur allra deilda Íþróttafélagsins Gróttu fóru fram fimmtudaginn 3.mars 2011. Nokkrar breytingar urðu auðvitað á stjórnarmönnum í deildum félagsins en stærsta breytingin var sú að Gunnar Gíslason formaður félagsins steig til hliðar og Haraldur Eyvinds var kjörinn í hans stað. Reikningarnir voru samþykktir samhljóða en félagið kom í heild sinni út í hagnaði og er það vel miðað við ástandið sem ríkti á reikningsárinu. Fimmtudaginn 28.nóvember var haldinn aukaaðalfundur félagsins til þess eins að stofna kraftlyftingadeild innan félagsins. Samþykkti aðalfundurinn þessa nýju deild innan félagsins með öllum greiddum atkvæðum.

Í aðalstjórn félagsins sitja:

Formaður Haraldur Eyvinds
Varaformaður Guðrún Kaldal
Gjaldkeri Guðjón Norðsfjörð
Ritari Unnur Halldórsdóttir
Meðstjórnandi Óskar Hrafn Þorvaldsson
 auk formanna deilda félagsins.

Formenn deilda:

Fimleikadeild Hildur Sesselja Aðalsteinsdóttir
Handknattleiksdeild Eiríkur Elís Þorláksson
Knattspyrnudeild Hilmar Sigurðsson
Kraftlyftingadeild Borghildur Erlingsdóttir

Árangur deilda

Árið var mjög viðburðaríkt hjá Gróttu. Meistaraflokkur karla í handknattleik vann 1.deild karla með yfirburðum og komust í 8-liða úrslit Eimskipsbikarsins. Meistaraflokkur kvenna lenti í 9.sæti N1-deildar kvenna. Meistaraflokkur karla í knattspyrnu fell úr 1.deildinni eftir mikla dramartík í lokaumferðunum. Mikill efniviður er í yngri flokkum félagsins og má þess vegna búast við góðum meistaraflokkum innan nokkurra ára. 4.flokkur karla B-lið í handbolta varð íslandsmeistari sem og 6.flokkur kvenna yngri í handbolta. Fimleikadeildin stóð sig einnig vel en félagið er með innan sinna raða tvær af bestu fimleikakönnum landsins, Dominqua Ölmú Belányi og Emblu Jóhannesdóttur. Dominó varð íslandsmeistari á tvislá og Embla íslandsmeistari í gólfæfingum. Nanna Guðmundsdóttir varð íslandsmeistari í 4.þrepi fimleikastigans. Mikill vöxtur er innan deildinnar og er svo komið að deildin hefur sprengt aðstöðuna sína enda stærsta deild félagsins. Kraftlyftingadeildin nýja hefur sannarlega byrjað með krafti því íslandsmetunum hefur rignt inn. Gaman verður að sjá kraftlyftingadeildina og aðrar deildir félagsins á komandi misserum því mikil gróska er í öllu starfi félagsins.

Kjör íþróttamanns Gróttu

Í lok ársins var Íþróttamaður Gróttu valinn og í þetta sitt var það fimleikastelpa Dominqua Alma Belányi en er þetta annað árið í röð sem hún hneppir þennan titil. Enn fremur

var valinn í þriðja skiptið íþróttamaður æskunnar og var það Pétur Theodór Árnason sem fékk þá viðurkenninguna. Við sama tækifæri var því fólki, sem unnið hefur mikið og óeigingjarnt starf í þágu félagsins verðlaunað.

Landsliðsfólk í Gróttu

Á árinu voru 35 einstaklingar úr Gróttu valdir í yngri landslið karla í handknattleik. Í knattspyrnu voru einstaklingarnir 9 talsins og í fimleikum áttum við þær Dominó og Emblu sem kepptu á Evrópumótinu, Norður-Evrópumótinu og Heimsmeistaramótinu. Það má með sanni segja að framtíðin sé björt í Gróttu.



Tennisfélag Garðabæjar



Tennisfélag Garðabæjar er að verða 3 ára á þessu ári. Aðalfundur félagsins kaus stjórn félagsins og í henni sitja Heimir Þorsteinsson formaður og meðstjórnendur eru Skapti Gunnarsson, Súsanna Davíðsdóttir, Hanna Þóra Guðjónsdóttir og Yousef Sheikh. Félagið æfir í Tennishöllinni Kópavogi að Dalsmára 13. Yfir 30 krakkar hjá félaginu æfa tennis 2-5 sinnum í viku allan veturinn en mun fleiri krakkar taka þátt í starfinu á sumrin þ.e í Tennis- og leikjaskólanum en Tennisfélag Garðabæjar er í samstarfi við Tennisfélag Kópavogs og Tennisdeild BH í Hafnarfirði um vetrar- og sumarstarf fyrir börn og unglinga. Yfirþjálfarar félagsins á árinu voru þeir Jón Axel Jónsson og Andri Jónsson sem flutti til Danmerkjur síðastliðið sumar og tók þá Milan Kosicky frá Slóvakíu við. Félagið stóð að keppnisferð til Danmerkur í sumar og kepptu þar fyrir hönd félagsins þær Drífa Heimisdóttir, Birta Skaftadóttir og Sandra Þorsteinsdóttir. Tennisfélag Garðabæjar átti eina stelpu og einn strákur í úrvalshópi Tennissambands Íslands en það er Heba Sólveig Heimisdóttir sem var meðal efstu keppenda í 12 ára og yngri flokki á árinu og Kiljan Oldani. Tennisfélag Garðabæjar hefur haft aðstöðu í Tennishöllinni Dalsmára og þó aðstaðan sé í Kópavogi þá hefur nálægð Smárans við Garðabæ gert það að verkum að aðstaðan hefur nýst félaginu mjög vel og eru hlutfallslega margir Garðabæingar að æfa tennis miðað við önnur sveitarfélög í nágrenninu. Tennisfélag Garðabæjar hefur átt í mjög góðu samstarfi við Tennisfélag Kópavogs, Tennishöllina og Tennisdeild BH um tennisæfingar, Tennisskóla, Tennisakademíu og keppnishald og hefur í raun notið mikils stuðning þessara aðila á sínum fyrstu árum. Vonir félagsins standa til að gera þjónustusamning við Garðabæ og tryggja þannig rekstrargrundvöll félagsins. Samstarf félagsins við hin félögin hefur meðal annars snúist um sameiginlegar æfingar, skipulagningu mánaðarlega tennismóta og það nýjasta nýtt er að félögin hafa skipulagt áskorendakeppni fyrir efnilegustu og lengst komnu börn og unglinga sem hefur gert þeim kleyft

að keppa vikulega og átti Tennisfélag Garðabæjar fimm fulltrúa í þessari keppni. Tennisfélag Garðabæjar skipuleggur um þessar mundir tenniskynningar í grunnskólum í Garðabæ og kynnir tennisíþróttina og starfssemi félagsins. Ljóst er að ef félagið fær eðlilegan stuðning við starf sitt þá á þetta starf og félagið eftir að vaxa og blómstra. Allir eru velkomnir að taka þátt í starfssemi félagsins. Allar upplýsingar um starfssemi félagsins er hægt að fá í Tennishöllinni Kópavogi í síma 564 4030.



Handknattleiksfélag Kópavogs



Aðalfundur HK fyrir starfsárið 2010 var haldin 23 mars 2011 í veislu Fagralundar. Hefðbundin aðalfundarstörf. Helstu niðurstöður reksturs starfsársins var viðundandi viðsnúningur í rekstri afreksflokka, náðu þeir að bæta afkomu eftir mikið tekjutap með aðahaldi í rekstri.

Eftirfarandi skipa Aðalstjórn:

Sigurjón Sigurðsson, formaður
Magnús Gíslason, varaformaður
Einar Tómasson, gjaldkeri
Kristinn Gunnarsson, ritari
Einar Sigurðsson, fulltrúi félaga og stjórna
Fríða Sigurðardóttir, varamaður
Vilmar Pétursson, varamaður

Eftirfarandi eru formenn deilda:

Arnþór Þorsteinsson, handknattleiksdeild.
Trausti Jónsson, barna- unglingaráð handknattleik.
Ómar Þorbjörnsson, knattspyrnudeild.
Baldur Már Bragason, barna- unglingaráð knattspyrnu.
Ingibjörg Gunnarsdóttir, blakdeild.
Halldór Elvarsson, barna- og unglingaráð blak
Magnús Bollason, borðtennisdeild.
Ólafur Már Hreinsson, dansdeild.
Ásta Laufey Aðalsteinsdóttir, taekwondo deild.
Hafsteinn Þór Einarsson, bandýdeild.
Á árinu voru samningaviðræður við Kópavogsbæ vegna niðurskurðaráforma bæjarins til íþróttafélaga á árinu. Æfingartímar félaganna í íþróttahúsum var fækkað verulega á milli ára, var það liður bæjarins í að afla sér aukinna tekna með útleigu tíma íþróttahúsum bæjarins til tómstundaiðkenda. Þrettándafagnaður var haldinn að venju í Fagralundi eftir blysför var glæsileg flugeldasýning. Árhátíð félagsins var haldinn að þessu sinni í Fagralundi nýju félagsaðstöðu félagsins. Á árhátíðinni var kunnngjörður íþróttamaður HK að þessu sinni hlaut Fríða Sigurðardóttir landsliðs og meistaraflokksleikmaður í blaki titilinn. Haldið var áfram við vinnu að Íþróttastefnu HK. Frumdrög íþróttastefnu voru kynnt á samráðsfundi á haustmánuðum.

Stefnt er að birta heildar íþróttastefnu HK á vormánuðum 2012.

Sumarnámskeið tókust vel og var þátttaka betri en undanfarin ár. Sumarnámskeið voru haldin á þremur stöðum þetta sinni Fagralundi, Digranesi og Vallakór.

Taekwondo deild HK hlaut stöðu sjálfstæðrar deildar, en deildin hefur vaxið mjög á undanförunum misserum.

Íþróttaskóli HK og grunnskóla óx á árinu. Til viðbótar við íþróttaskóla HK og Snælandsskóla hóf nýr skóli starfsemi í Kórnum fyrir 1-4 bekkina Vatnsenda- og Hörðuvallaskóla. Áframhald var á fylgd yngstu iðkenda úr dæggradvöl og leikskóla á æfingar í Vallakór.

Meistaraflokkur kvenna í handbolta tók þátt í evrópukeppni í handbolta í fyrsta sinn í sögu félagsins. Meistaraflokkur karla í blaki hélt norðurlandamót í Digranesi í október.



DÍK

DÍK Mjög öflugt starf hefur verið hjá félaginu síðastliðið ár. DÍK hefur verið með keppendur á öllum mótum sem haldin hafa verið á árinu.

Einnig hafa þör danskólans tekið þátt á mörgum mótum erlendis.

Aðalfundur félagsins var haldin 10. maí 2011. Formaður félagsins var kosinn Ellen Dröfn Björnsdóttir, Aðrir menn í stjórn eru Thelma Magnúsdóttir, Edgar Konráð Gapunay, Rakel Ísaksen, Jóhanna Jóhannsdóttir, Grétar Þór Björgvinsson og Perla Rúnarsdóttir.

Fjögur dansþör frá félaginu unnu sér þátttökurétt til að keppa á heimsmeistaramótum á árinu. Magnús Eðvald og Anna Sóley fóru á heimsmeistaramót í flokki Unglinga í Rússlandi í mars. Sigurður Þór og Hanna Rún kepptu á heimsmeistaramótinu í flokki áhugamanna í Singapor í September. Í nóvember fóru Magnús Arnar og Elísabet og kepptu í flokki áhugamanna í Standard dönsum í Rússlandi og Guðlaugur Arnar og Malín Agla kepptu á heimsmeistaramótinu í Standard dönsum í Lettlandi í desember.

DÍK var með 8.þör í Landsliðishóp DSÍ árið 2011 eða helmung af hópnum. Glæsilegur árangur þar á ferð.

Sigurður Þór og Hanna Rún voru kosin Danspar ársins hjá Dansíþróttasambandi Íslands og aðildafélögum. Þau hafa náð frábærum árangri á árinu og bætt sig mikið. Þau voru í 16 sæti á Evrópumeistaramótinu í mars í Frakklandi sem er besti árangur Íslendinga í samkvæmisdönsnum. Einnig voru þau í 4.sæti í flokki Ungmenna í Blackpool á Englandi sem er ein stærsta danskeppnin sem haldin er á ári hverju. Þau voru í 24 sæti á Heimsmeistaramótinu í Singapor og enduðu árið á því að vera Norður Evrópumeistarar.

Nemendasýning var haldin í apríl þar sem 800 manns mættu

til að horfa á þegar allir nemendur dansskólans sýndu af-rakstur vetrarins.

Einn stjórnarmaður hjá DÍK hefur verið í stjórn DSÍ sein-ustu árin. Það hefur verið mjög jákvætt fyrir félagið að hafa tengilið í stjórn til að fylgjast með hvað er að gerast hverju sinni. Einnig hefur formaður félagsins setið formannafundi á vegum DSÍ.



Hestamannafélagið Hörður Mosfellsbæ



Síðasti aðalfundur var haldinn þann 24. nóv. 2011. Í stjórn sitja, Guðjón Magn-ússon formaður, Alexander Hrafnkelsson, Auður Sigurðardóttir, Gyða Á. Helgadóttir, Hörður Bender, Karl Már Lárusson, Ragnhildur Traustadóttir, Sigurður Guð-mundsson og Sigurður Ólafsson. Starfs- maður stjórnar er Ragna Rós Bjarkadóttir. Auk aðalstjórnar eru 20 nefndir starfræktar í félaginu.

Liðið ár hefur verið um margt öðruvísi en síðastliðin ár, margt er komið á lygnan sjó, stórframkvæmdunum er að mestu lokið svo hægt hefur verið að beita sér enn meir að félagsstarfinu, en það blés út og blómstraði samhliða átök-unum við að koma reiðhöllinni upp. Við reukum heilbriggt barna og unglíngastarf, við höldum reiðnámskeið fyrir fatlaða og reynum með því að auka hreyfigetu þeirra með aðstoð hestsins, höldum góð íþróttamót og styðjum okkar keppnisknappa til að standa sig í íþróttinni, við söfnum fé fyrir líknarfélög, vinum að því að koma á kennslu í hesta-fræðum við framhaldsskóla landsins og fleira og fleira. Auk alls þessa er rekið blómlegt félagsstarf í félaginu fyrir þann breiða hóp hestamanna sem þar eru félagsmenn, en félögum fjölgar stöðugt og eru nú orðnir rúmlega 800.

Það er ekki ofsagt að það streymi viðurkenningar til Harð-ar, nú síðast vorum við tilnefnd til hvatningaverðlauna Öryrkjabandalags Íslands fyrir að stuðla að breytingu á ímynd fatlaðra og í kjölfar þess unnum við þessi verðlaun í flokki stofnanna og fyrirtækja og tókum við þeirri viðurkenningu við hátíðlega athöfn af Forseta Íslands. Einnig unnum við Samfélagsstyrk Landsbankans sem afhentur var í Hörpunni í haust. Á formannafundi Landssambands hestamanna var okkur svo afhentur æskulýðsbikar Landssambandsins, en það er ædsta viðurkenning sem hestamannafélag getur fengið fyrir vel unnið æskulýðsstarf

Kvennadeildin stóð fyrir reiðtúrum fyrir Harðarkonur, ann-an hvern þriðjudag í vetur og voru þeir vel sóttir, þetta er nýjung í starfinu sem margar konur nýttu sér til æfinga, stuðnings og samveru.

Vetrarmótin voru öll haldin í reiðhöllinni og voru flestir fegnir að geta verið innan dyra, en veður voru með leið-inlegra móti í vetur. Það var áberandi hvað margir nýir kepptu á mótunum og eru þau greinilega að þjóna þeim til-gangi sínum að koma fleiri að keppnisíþróttinni. Þáskar-at-leikurinn var haldinn þann 10. Apríl og er nú orðinn árlegur viðburður í starfi æskulýðsnefndar. Firmakeppni Harðar fór fram þann 1. maí að venju Þann 13.-15. Maí var haldið opið WR íþróttamót Harðar

Fyrsta hestakeppni hreyfihamlaðra á Íslandi haldin eftir al-þjóðareglum í Reiðhöllinni

Formannsfrúarreið Harðarkvenna var farin 21. maí og tókst vonum frammar. Hestar Harðarkvenna voru keyrðir á Skógar-hóla um morguninn af Harðarmönnum og voru rúmlega 70 hross flutt á Þingvöll.

Kirkjureið var þann 29. maí hún var með hefðbundnu sniði, riðið til kirkju að Mosfelli og að því loknu buðu Harðarkon-ur í kirkjukaffi í Harðarbóli.

Gæðingamót Harðar var haldið 3.-5. júní, en mótið var einn-ig úrtaka fyrir Landsmót

Harðarfélagar fjölmenntu á Landsmót á Vindheimamelum og gekk bærilega, þó ekki höfum við komið heim með gull í unglínga og ungmennaflokk eins og á síðasta landsmóti.

Harðarkrakkur náðu frábærum árangri á Íslandsmótinu þetta árið og áttu Íslandsmeistara í unglíngaflokk.

Linda Rún Pétursdóttir var kjörin íþróttamaður Mosfells-bæjar í kjölfar þess að verða heimsmeistari á heimsmeist-aramótinu.

Samdar voru og samþykktar reglur um það hvernig félagið tekur á einelti og áreiti ef það skyldi koma upp í félagsstarf-inu.

Framhaldsskólinn og Hörður hafa tekið upp samstarf og eru nú kenndar 4 stundir í viku í hestafræðum við skólann. Verið er að undirbúa viðamikil nám með 70 einingum til stúdents í samráði við Búnaðarsambandið og Félag tamn-ingarmanna, en stefnt er á að full kennsla við þessa nýju braut hefjist haustið 2013. Ef vel gengur mun námið svo vera yfirfært á aðra framhaldsskóla landsins.

Við hófum metnaðarfullt samstarf við Mosfellsbæ og skó-ræktarfélagið um sjálfbæra förgun á hestaskít og uppgræðslu og gróðursetningu, Það má segja að verkefnið snúist um umhverfisvæna framleiðslu á mold. Verkefnið hefur fengið umhverfisvottun og er viðurkennt af stofnunum EB.

Helgi Sigurðsson dýralæknir og sagnfræðingur hefur nú skilað handriti af sögu félagsins sem fyrirhugað er að gefa út á næsta ári.





Tennisfélag Kópavogs



Á síðasta aðalfundi TFK var Jón Axel Jónsson kosinn formaður. Auk hans eru í stjórninni Sigurlaug Sigurðardóttir, Soumia Islami, Einar Óskarsson og Hafsteinn Dan

Kristjánsson. Framkvæmdastjóri félagsins er Jónas Páll Björnsson. Árið 2011 var gott fyrir Tennisfélag Kópavogs. Barna- og unglíngastarfið blómstrar og er það því að þakka að félagið hefur ráðið til sína marga nýja þjálfara á síðastliðnum árum sem hafa mikinn metnað. Andri Jónsson yfirþjálfari sem hefur staðið sig mjög vel ákvað að flytja tímabundið til Danmerkur og hefur tekið að sér þjálfun í Tennisklúbbi í Værlöse í Kaupmannahöfn. Yfirþjálfararnir Andri og Jón Axel fóru með 20 manna hóp af krökkum til æfinga og keppni í Danmörku og stóðu íslensku keppendurnir sig nokkuð vel og náðu 1-3 sæti í nokkrum mótum sem er góður árangur. Nýr þjálfari var ráðinn til félagsins á árinu en það er Milan Kosicky frá Slóvakíu en Milan hefur þjálfað í Bandaríkjunum, á Spáni og starfaði í London áður en kom til Tennisfélags Kópavogs. Jón Axel Jónsson er yfirþjálfari félagsins en Jón Axel er með hæðstu þjálfaragráðu frá Bandaríkjunum og eru þeir ásamt Andra áður að vinna frábært starf. Góð aðsókn var að Tennisakademíunni og Tennis- og leikjaskólanum síðastliðið sumar eins og hefur verið reyndar síðustu ár. Ragna Sigurðardóttir og Sandra Dís Kristjánisdóttir sáu um Tennis- og leikjaskólann en Jón Axel og Andri sáu um Tennisakademíuna og þau stóðu sig öll frábærlega. Tennisfélag Kópavogs átti marga íslandsmeistara á síðasti ári eins og síðastliðinn ár. Arnar Sigurðsson TFK varð íslandsmeistari karla fimmtánda árið í röð sem er einstakur árangur. Ungir spilarar úr Tennisfélagi Kópavogs fóru í nokkrar keppnisferðir til útlanda á síðasta ári, m.a til Svíþjóðar og Noregs og kepptu þeir á mótum á vegum TennisEurope. Tennisfélag Kópavogs hélt einnig tvö Evrópumót. Í júlí fyrir 14 ára og yngri í þriðja sinn þ.e Kópavogur Open og um páskana var haldið Icelandic Easter Open fyrir 16 ára og yngri. Þrjú tennisspilara úr TFK kepptu með landsliðinu á þessu ári þeir, Jón Axel Jónsson, Birkir Gunnarsson og Arnar Sigurðsson. Mikil áhugi er einnig á tennisnámskeiðum fyrir fullorðna og eru t.d margir sem koma á byrjendanámskeið í tennis á sumrin. Í Tennishöllinni eru líka skipulagðir opnir tímar bæði kvennatímar og karlatímar og aðrir opnir tímar þar sem allir geta komið og kynnst öðrum spilurum á svipuðu reki og hafa þessir tímar verið vinsælir. Tennisfélag Kópavogs ásamt Tennishöllinni stóð að flestum Stórmótum TSÍ sem hald-

in voru á mánaðarlega í Tennishöllinni. Einnig var í fyrsta skipti í ár skipulögð svokölluð áskorendakeppni í tennis en það gerir 30 duglegustu og efnilegustu krökkunum kleyft að keppa vikulega eins og bestu krakkarnir gera í útlöndum. Þessi viðbót hefur haft mjög góð áhrif á afreksstarfið og eru krakkarnir að ná upp meiri keppnisreynslu og hefur farið fram sem tennisspilalar. Ljóst er að Tennishöllin er að verða alltof lítil, fyrir starfið sem blómstrar, og er hafin athugun á möguleikum á stækkun Tennishallarinnar sem félagsmenn í TFK vona að verði að veruleika. Hjá Tennisfélagi Kópavogs er verið að vinna mjög öflugt barna- og unglíngastarf og til að ná þeim árangri sem metnaðurinn stendur til er nauðsynlegt að tennisevllunum í Tennishöllinni fjölgi. Allir eru velkomir í tennis. Allar upplýsingar er hægt að fá á www.tfk.is eða í síma 564 4030.



Siglingafélagið Ýmir



Á aðlafundi Ýmis 2011 sem haldinn var 2. febrúar voru eftirfarandi kjörnir í stjórn: Birgir Ari Hilmarsson, formaður Ólafur Sturla Hafsteinnsson, varaformaður

Pétur Jónsson, ritari

Kjartan Sigurgeirsson, gjaldkeri

Aðalsteinn Jens Loftsson, meðstjórnarndi

Varastjórn:

Margrét Björnsdóttir

Guðmundur Þorsteinsson

Friðrik Hafberg

Félagið hélt á árinu fjögur mót. Sumarmót kjölbáta, Íslands-mót kæna, Lokamót kjölbáta og Áramót kæna. Öll þessi mót voru vel sótt og tókust í alla staði mjög vel. Íslands-mótið var eitt það stærsta sem haldið hefur verið og tókst frábærlega enda aðstaða félagsins ein sú besta sem siglingafélag á Íslandi hefur yfir að ráða.

Ýmir átti keppendur á flestum siglingamótum ársins og var árangur félagsmanna ágætur og stóðu feðgarnir Aðalsteinn Jens Loftsson og Eyþór Pétur Aðalsteinsson uppi sem sigurvegarar í Opnum flokki á Íslandsmótinu.

Félagið stóð að æfingum allt sumarið og hélt samhiða æfingunum nokkur námskeið. Þáttaka var ágæt en fór þó seint af stað enda var óvenju kalt framan af sumri.

Í vetur hefur félagið haldið fræðslukvöld sem opin eru öllu áhugafólki um siglingar. Þar er bæði fluttir stutt fræðsluerindi ásamt því sem fjallað er um léttara efni sem t.d. tengist ferðalögum á sjó. Næsti slíki fyrirlestur er fyrirhugaður nú um miðjan febrúar.



Nesklúbburinn



Aðalfundur Golfklúbbs Ness – Nesklúbbsins var haldinn laugardaginn 22. nóvember. 65 félagar í klúbbum sátu fundinn. Lögð var fram skýrsla stjórnar og reikningar sem voru samþykktir samhljóða.

Engar breytingar urðu á stjórn klúbbsins þar sem allir stjórnarmeðlimir gáfu kost á sér áfram. Í stjórn Nesklúbbsins sitja því:

Eggert Eggertsson formaður
Áslaug Einarsdóttir varaformaður
Geirarður Geirarðsson gjaldkeri
Þorvaldur Jóhannesson ritari
Arnar Friðriksson meðstjórnandi
Varamenn í stjórn eru þau:
Jónas Hjartarson
Guðrún Valdimarsdóttir

Formenn nefnda:
Vallarnefnd: Arnar Friðriksson
Mótanefnd: Haukur Óskarsson
Förgjafarnefnd: Baldur Þór Gunnarsson
Kvennanefnd: Þuríður Halldórsdóttir
Unglinganefnd: Jónas Hjartarson
Umhverfisnefnd: Eggert Eggertsson

Framkvæmdastjóri er Haukur Óskarsson

Starf klúbbsins gekk að öllu jafna nokkuð vel þrátt fyrir að slæm veðurskilyrði hafi sett mark sitt á starfið í vor og byrjun júní. Áframhaldandi gróska í unglíngastarfi klúbbsins á stóran þátt í starfi klúbbsins. Haldið var úti æfingum fyrir barna-, unglínga- og afrekshópa allt árið. Var að vanda skipt í hópa eftir getustigi og aldri og hafa aldrei jafn margir sótt æfingar á vegum klúbbsins og í ár. Enn og aftur kemur þó aðstöðuleysi niður á félögum klúbbsins því yfir vetrartímann var æft í Hraunkoti, æfingasvæði Golfklúbbsins Keilis og í Laugardalshöllinni. Klúbburinn mun sem fyrr halda áfram að reyna að koma öllum æfingum fyrir á Seltjarnarnesi sem mun án efa gera áður nefnda hópa enn fjölmennari sem og veita hinum almenna kylfingi í klúbbum möguleika á að æfa sig í nálægð við sinn heimavöll.

Í lok sumars var farið í miklar framkvæmdir við æfingasvæði og aðkomu að klúbbhúsinu. Var þúttflöt sem fyrir endurnýjuð og stækkuð ásamt því sem búin var til ný vippflöt og sandglompa til æfinga þar við hlið.

Ólafur Björn Loftsson, afrekskylfingur braut um miðjan ágúst blað í íslenskri golfsögu þegar hann vann sér inn keppnisrétt á Wyndham Championskip mótið sem fram fór í Norður-Karólínu. Mótið var hluti af PGA mótariðinni og varð Ólafur um leið fyrsti íslenski kylfingurinn til þess að leika á þessari stærstu og vinsælustu mótarið heims.

Judófélag Garðabæjar



Síðasti aðalfundur var haldinn þann 12. maí 2011.

Í stjórn félagsins eru:

Haukur Hafsteinsson formaður
Gunnar Þorvaldsson gjaldkeri

Jóhanna S. Sigurðardóttir ritari

Björn H. Halldórsson meðstjórnandi

Um starfið

Tímabilið 2011-2012 er annar starfsvetur Judofélags Garðabæjar. Starfið hefur gengið vel það sem af er vetri og mæting verið góð. Húsnæðið í Sjalandskóla sem Garðabær útvegaði okkur hefur verið með allra besta móti.

Á síðasta ári voru keyptar nýjar dýnur sem voru fjármagnaðar af Garðabæ og JG. Aðstaðan er því orðin til fyrirmyndar.

Í vetur höfum við verið með þrjá aldurshópa, 6 – 10 ára, 11 – 14 ára og 15 ára og eldri. Yngri hóparnir hafa verið mjög vel sóttir og nánast fullt í þeim báðum. Elsti hópurinn hefur farið rólega af stað. Í hverjum hóp eru um 16 manns en salurinn rúmar ekki fleiri.

Eftir áramót tók JG tók þátt í nokkrum mótum og gekk vel. Höfum við fengið bæði gull og silfur og brons. Það er ljóst að í félaginu er mjög sterkur kjarni og hefur nánast sami hópur verið frá byrjun. JG sá um að halda haustmót JSÍ í október og tókst það mjög vel.

Í heildina hefur þátttaka í félaginu verið mjög góð og ljóst að það er mikill áhugi hjá yngstu kynslóðinni. Foreldrar hafa verið mjög jákvæðir gagnvart félaginu og verið mikil hvatning.

Stefnt er að enn frekari uppbyggingu félagsins með því að bjóða upp nýja fjölbreytta tíma með nýjum áherslum.





Motomos



Aðalfundur Motomos var haldinn 29 nóvember 2010 í félagsheimili okkar. Ákveðið var að halda áfram með uppbyggingu á svæðinu, ásamt því að reyna að fá starfsmann næsta sumar.

Sama stjórn situr áfram,

Stjórn félagsins:

Guðni Friðgeirsson, formaður,

Þórður Valdimarsson, varaformaður

Meðstjórnendur:

Elías Pétursson

Eysteinn J Dofrason (er brautarstjóri líka)

Þórir Guðmundsson

Snorri Sturluson

Valdimar Þórðarsson, Gjaldkeri

Vibeke Svala Kristinsdóttir, Æskulýðsfulltrúi

Unnið var að koma félagsheimilinu okkar í stand, mála og glerja það ásamt því að koma upp salernisaðstöðu. Einnig eignuðumst við tæki til að halda motocross brautinni við.

Nokkrir af okkar íþróttamönnum stóðu sig vel síðasta sumar,

Eyþór Reynisson var valinn í landslið Íslands í motocross og vann MX2 Íslandsmeistaratitilinn. Einnig eignuðumst við Íslandsmeistara í unglingsflokk, Kjartan Gunnarsson.

Kveðja, Motomos



Íþróttafélags aldraðra í Kópavogi

Íþróttafélagið starfaði með sama sniði og áður. Leikfímistíminn er ein kl.st. tvisvar í viku frá fyrri hluta september til seinni hluta maí. Félagið hefur aðstöðu í Digraneskirkju á jarðhæð. Viss tenging er á milli félagsmanna og kirkjustarfs aldraðra. Skráðir félagar eru 116, þar af virkir 70- 80. Með-

altalsmæting var 39, flestir voru 59 í tíma. Í tímum er áhersla lögð á alhliða hreyfingu, liðkun liða og teygjur.

Í lok vorannar, 21. maí, lést leiðbeinandi, Júlíus Arnarsson. Han var öllum harmdauði. Í byrjun haustannar fengum við til liðs við okkur þrítugan íþróttfræðing, Fannar Karvel Steindórsson. Hann verður leiðbeinandi félagsins um ókomna framtíð.

Vor-og haustferðir hafa verið farnar árum saman og aðsókn hefur verið góð.

Aðalfundur félagsins var haldinn í Digraneskirkju 29. mars 2011. Stjórnin var endurkjörin.

Hana skipa:

Formaður: Hörður Þorleifsson, 280528-4049, Vogatungu 4, 200 Kóp.

Gjaldkeri: Margrét Loftsdóttir, 270442-7069, Lautasmára 1, 201 Kóp.


Ritari: Þorbjörg Kristinsdóttir, 120325-3619, Hlégerði 6, 200 kóp.

Meðstjórnandi: Vigdís Jack, 240329-2049,

Gullsmára 11, 201 Kópavogi.

Með kveðju frá Í.A.K.

Hörður Þorleifsson, formaður.



Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar

Tveir keppendur kepptu á Reykjavíkurlaikunum í janúar fyrir hönd Kraftlyftingafélags Mosfellsbæjar:

Róbert Eyþórsson sem keppti í 66 kg flokki og Óli H, Þórðarson í 74 kg flokki, þeir unnu báðir til gull verðlauna á mótinu.

Róbert keppti einnig á Íslandsmótinu í bekkpressu á Akranesi og varð þar í öðru sæti í 66 kg flokki. Róbert keppti einnig á Íslandsmótinu og varð þar í fjórða sæti.

Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar stóð einnig fyrir bekkpressu og réttstöðulyftumóti sem haldið var í tengslum við Icelandic Fitness and Health Expo 2012 í Hörpu.

Einnig fór Hjalti Árnason sem aðstoðarmaður með Auðunni Jónssyni á Arnold Classic sem haldið var í Columbus Ohio, þar keppti Auðunn í réttstólulyftu og náði fjórða sæti.

Róbert Eyþórsson er kraftlyftingamaður Mosfellsbæjar árið 2011, hann kom þó ekki til greina í kjöri Íþróttmanns Mosfellsbæjar þar sem hann hafði ekki unnið Íslandsmeistaratitil, bikarmeistaratitil eða æft með landsliði.

Töluverður áhugi er á kraftlyftingum í Mosfellsbæ og ágæt aðstaða í Eldingu líkamsrækt. Við höfum nú nokkara einstaklinga sem við bindum miklar vonir við í framtíðinni. Við munum einnig pressa á Mosfellsbæ að taka þátt í tækja kaupum fyrir félagið.

Hjalti Árnason formaður.



Skotfélag Kópavogs



Eftir síðasta aðalfund voru gerðar breytingar á stjórn félagsins. Við formennsku tók Stefán Eggert Jónsson, nýr gjaldkeri er Ólafur Sigvaldason og nýr ritari er Stefán Sigurdsson. Áfram sitja í stjórn Jón Pétursson varaformaður og Pálmi S.

Skúlason meðstjórnandi. Fráfarandi stjórnarmenn eru Arnfinnur Jónsson formaður, Magnús Guðleifsson gjaldkeri og Sveinn Goði ritari.

Áframhaldandi uppbyggingarstarf hefur verið unnið á síðasta ári og hefur félögum í SFK verið að fjölga ört eða allt að því tvöfaldast frá því að undirritaður hóf að vinna fyrir félagið að ýmsum umbótum. Stöðug fjölgun er í flestum greinum félagsins og það skilar sér í betri árangri skotmanna.

Á síðasta ári voru merkileg tíðindi í loftskammbýssu karla þegar félagsmaður SFK Thomas Viderö náði loks að sigra Ásgeir Sigurgeirsson SR með minnsta mögulega mun 0,1 stigi, en Ásgeir hefur verið einráður í loftskammbýssunni í mörg undanfarin ár og unnið öll mót sem hann hefur keppt í hér innanlands. Einnig náðu skotmenn Skotfélags Kópavogs að fagna sigri í öllum mótunum tímabilsins í enskum Ríffli.

Félagið sendi tvo keppendur á smáþjóðaleikana í Liechtenstein, þá Thomas Viderö í loftskammbýssu og Jón Þór Sigurdsson í enskum ríffli. Þeir stóðu sig báðir með miklum sóma og höfnuðu báðir í þriðja sæti, hvor í sinni grein á leikunum.

Af öðrum hluta starfseminnar er það að fréttu að hrakfalla saga umsóknar okkar um útisvæði fyrir félagið heldur áfram þar sem við erum sendir í endalaus hringi með endurtekið efni án þess að fá fullgild rök fyrir því hvers vegna við getum ekki fengið úthlutað svæði fyrir útigreinar félagsins.

Fjárhagslega hlið félagsins er rekin með besta móti og erum við með umtalsverðan hagnað á milli ára, þrátt fyrir að rukka mjög hófleg félagsgjöld sem hafa ekki hækkað um nokkurra ára skeið.

Okkar helsta áhyggju efni nú um stundir eru drög að nýjum vopnalögum sem á að taka til umfjöllunar í þinginu á næstu vikum eða mánuðum sem gera það að verkum að ekki verður hægt að stunda þrjár af fimm skammbýssu greinum sem við stundum nú til langframa og einnig verður ógerningur að taka upp þá fjórðu. Allt eru þetta greinar innan Alþjóða skotiþróttasambandsins ISSF (Stöðluð skammbýssa, Sport skammbýssa og Grófskammbýssa) og er það fá heyrt að það skuli eiga að setja lög á alþingi sem geri íþróttafólki ókleyft

að stunda íþróttir sínar. Þetta væri eins og að setja bann við spjótkastrí, kúluvarpi og kringlukasti, þ.e. að setja bann við kaupum á nýjum búnaði og verslaun með þann búnað sem þegar er til í landinu. Ég er ekki viss um að frjálsíþróttafólk myndi kætast mikið við svoleiðis lög.

Virðingarfyllt.

Stefán Eggert Jónsson.

Formaður Skotfélags Kópavogs.

Íþróttafélagið „Stál-úlfur“



Aðalfundur félagsins fór fram þann 24. maí í Kórnum í Kópavogi. Íþróttafélagið var stofnað af nokkrum þekktum litháískum íþróttamönnum, búsettum á Íslandi. Tilgangur félagsins er margþættur, m.a. að búa til vettvang fyrir íþróttáhugamenn af erlendum uppruna, hvetja til heilbrigðra lífshátta, efla sjálfmynd og aðstoða innflytjendur að aðlagast íslensku samfélagi með því að stuðla að virkum og skemmtilegum samskiptum milli Íslendinga og innflytjenda í gegnum íþróttir. Þátttaka í íþróttastarfi rýfur bæði einangrun fólks af erlendum uppruna, eflir samkennd og vináttu.

Stjórn „Stál-úlfs“:

Algirdas Slapikas - formaður

Erikas Milleris - varaformaður

Vytautas Lipskas - gjaldkeri

Mindaugas Andrijauskas - ritari

Romualdas Gecas, Viatcheslav Titov, Sergej Diatlovic og

Vytautas Lekavicius (vara)-meðstjórnendur

Fjöldi efnilegra íþróttamanna af erlendum uppruna hafa flust hingað til lands og hafa getið sér gott orð fyrir frammistöðu sína. Þessir íþróttamenn eru ungu fólki góð fyrirmynd og margir hafa tekið þátt í starfsemi „Stál-úlfs“. Á vegum félagsins er bæði körfubolta- og fótboldalið sem spilar í meistaraflokki karla. Körfuboldaliði „Stál-úlfs“ hefur vegnað vel á árinu. Liðið komst í úrslitakeppni Íslandsmóts 2. deild karla í vor og bar sigur úr býtum í Sumarbikarnum síðastliðið tvö ár á vegum KKÍ. Æfingar liðsins fóru fram í Kórnum. Í sumar tók fótboldalið Stál-úlfs í fyrsta sinn í sögu félagsins þátt í 3. deild karla. Æfingar liðsins fóru fram á útigervigrasvellinum við Kórinn. Þrátt fyrir að félagið hafi verið stofnað af litháískum íþróttamönnum eru meðlimir félagsins af ólíkum uppruna enda allir velkomnir að taka þátt. Við höfum leikmenn frá Litháen, Póllandi, Portúgal, Úkraínu, Rússlandi, Lettlandi, Sýrlandi, Serbíu, Bosníu, Egypt og Íslandi. Starfsemi félagsins hefur öll verið unnin í sjálfbóðaliðastarfi.





Kraftlyftingafélag Garðabæjar

Nú er fyrsta starfsári lokið og hér verður farið yfir helstu atburði ársins og þróun KFGH frá stofnun.

Strax eftir fjölmennan stofnfund var umsókn okkar að Kraftlyftingasambandi Íslands samþykkt og samhliða því var sótt um aðild að UMSK. Umsóknin dróst lengi hjá ÍSÍ en lögin voru loksins samþykkt þegar þau voru tekin fyrir. Þá fékk stjórn aðgang að Felix og félagaskráning hófst eftir aðalfund 2011.

Eftir stofnun fékk félagið úthlutað æfingaaðstöðu í þreksalnum í Ásgarði, Garðabæ. KFGH fékk aðgöngu að salnum gegn leigu sem var bundin við fjölda iðkenda. Æfingaaðstaðan var illa búin enda ekki hugsuð undir afreksþjálfun kraftlyftingamanna. Hún fór þó fljótlega batnandi, íþróttafulltrúi Garðabæjar keypti æfingataki og dró til fleiri annarstaðar úr bænum. Félagið fékk svo í sumar afar veglega viðbót í aðstöðuna frá áhugasömum bæjarbúa í formi fullkomins kraftlyftingabekkpressubekks, tveimur lyftingastanga og lóða. Aðstaðan hefur svo verið aðlöguð að okkar þörfum með ýmsum smáviðbótum. Æfingaaðstöðumál eru þó enn í brennidepli en aðstaðan sinnir ekki að neinu leiti eftirspurn eftir kraftþjálfun og kraftlyftingum í bænum, stjórn félagsins sækist eftir að leysa þetta vandamál í samstarfi við íþróttafulltrúa. Ýmsar hugmyndir liggja fyrir um hvernig það má mynda góða aðstöðu og höfum við ekki fengið annað en almenna velvild fyrir þeim. Svo virðist sem það sé nú að vora yfir þeim vandræðum okkar.

Í sumar var ráðist í að skrifa handbók félagsins og sjá til þess að það uppfylli kröfur ÍSÍ til fyrirmyndarfélaga. Sú vinna gekk afar vel og á Bikarmóti KRAFT 2011 fékk félagið viðurkenningu sem fyrirmyndarfélag ÍSÍ, fyrst allra kraftlyftingafélaga á landinu. Viðurkenningin eykur möguleika okkar á styrkjum og stuðningi, ásamt því að koma KFGH á kortið á meðal stórvelda sérsambandsins. Aðalfundarstörf í september fóru fram með eðlilegum hætti og endurskoðaðir reikningar voru samþóttir.

Æfingar æfingahópa hafa gengið vel þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Keppnishópur félagsins kom heim með tvö brons af stærsta móti sérsambandsins til þessa, Bikarmótinu 2011, ásamt því að hafa sett eitt Íslandsmet. Það má með sannri segja að keppendunum hafi gengið vel en þeir kepptu að mestu stuðningsbúnaðarlaust og náðu frábærum árangri. Á Kópavogsmótinu í sumar átti félagið einn keppenda á verðlaunapalli og á Byrjendamótinu þrjá. Fjármagnsskortur setti þó mark sitt á afreksstarfið og ekki var unnt að styðja við keppendur fjárhagslega, hvorki með keppnisbúningi né í formi styrkja til að borga keppnisgjöld. Stjórn hefur nú ákveðið að sækjast eftir sambærilegum stuðningi frá Garðabæ og öðrum íþróttafélögum hefur verið veitt til að bæta úr þessu.

Töluverð þróun hefur orðið á starfi KFGH frá stofnun, þrátt fyrir mikla erfiðleika er það í dag afar líflegt og öflugt. Viðburðum á vegum félagsins fer enn fjölgandi og sterk vinabönd tengja saman iðkendur félagsins. Æfingaaðstaðan hefur ekki undan þeim mikla áhuga sem er á starfinu en vænta má lausn á því bráðlega. Félagsmál KFGH eru til fyrirmyndar og stjórn finnur sterklega fyrir hvernig er litið upp til okkar í þeim efnum. Félagið býr yfir miklum mannaúð og fái hann að blómstra má búast við frekari árangri á lands-ef ekki heimsvísu. Stjórn telur að senn vorar yfir vandræðum félagsins og að framtíð kraftlyftinga og kraftaíþróttu í Garðabæ sé mjög björt.

Stjórn KFGH
19. desember 2011



Golfklúbburinn Oddur



Stjórn Golfklúbbsins Odds 2011:

Ingi Þór Hermannsson, formaður
Sigurjón Jónsson, gjaldkeri
Þorvaldur Þorvaldsson, ritari
Björg Þórarinsdóttir, meðstjórnandi
Svavar Geir Svavarsson, meðstjórnandi
Guðmundína Ragnarsdóttir, meðstjórnandi

Aðalfundur golfklúbbsins var haldinn 29. nóvember 2011.

Liðið starfsár er tímamótaár í starfsemi Golfklúbbsins Odds (GO) en það var fyrsta árið í 20 ára sögu klúbbsins sem aðstaðan í Urriðavatnsdölum er einvörðungu rekin af Golfklúbbum Oddi. Í upphafi rekstrarársins tók GO öll mannvirki, tæki og land á leigu af eignum og fyrrum rekstraradilum golfvallarins.

Félagstarf klúbbsins gekk með ágætum síðastliðið sumar en félagar voru 1.163. Eins og undanfarin ár var hápunktur sumarsins Meistaramót GO sem fram fór í júlí við frábærar vallaraðstæður og gott veður. Klúbbmeistarar urðu þau Eýgló Myrra Óskarsdóttir og Rafn Stefán Rafnsson.

Aðstaða til vetraræfinga tók miklum framförum þegar tekinn var í notkun inniástaða til æfinga í 400 fermetra húsnæði í Kaupúni.

Nýtt merki fyrir Golfklúbbinn Odd var tekið í notkun á árinu, meðal annars til þess að undirstrika þau tímamót sem urðu í upphafi starfsársins. Á sama tíma og nýtt merki var opinberað var ný heimasíða tekin í notkun og annarri ásýnd klúbbsins breytt til samræmis.

Pau skemmtilegu og ánægjulegu tíðindi urðu síðastliðið sumar að GO eignaðist sinn fyrsta landsliðsmann sem kemur úr barna- og unglíngastarfi klúbbsins, Björn Öder Ólafsson. Björn bættist því í hinn föngulega hóp landsliðsmanna klúbbsins sem eiga, og hafa átt, sæti í hinum ýmsu landsliðum Íslands í golfi.

Eins og undanfarin ár hallar nokkuð á GO þegar styrkir sveitarfélaga við íþróttafélög eru skoðuð. Til þessa hafa styrkir af þessu tagi verið óverulegir til handaGO. Staða klúbbsins er því ólík flestum öðrum íþróttafélögum sem stunda starfsemi sína í mannvirkjum sem kostuð hafa verið að mestu leyti af sveitafélögum og þurfa ekki að greiða fyrir aðstöðu til íþróttaiðkunar félags- manna sinna.

Golfklúbburinn Oddur þarf aftur á móti, óstuddur af sveitarfélaginu, að inna af hendi verulegar upphæðir fyrir leigu mannvirkja og vallar. GO bindur vonir við að Garðabær aðstoði félagið við að jafna þennan mun og er það í raun forsenda fyrir því að hægt verði að reka íþróttafélagið Golfklúbbinn Odd svo sómi sé að, ungum sem öldnum til ómældrar ánægju og yndisauka.



Hestamannafélagið Sóti

Aðalfundur var haldin í desember 2010 og voru eftirtaldir kosnir í stjórn:

Steinunn Guðbjörnsdóttir formaður
Elfur Erna Harðardóttir ritari
Elísabet Birgisdóttir gjaldkeri
Jörundur Jökulsson meðstjórnandi
Arnar Ingi Lúðvíksson meðstjórnandi
Til vara:
Jóhann Þór Kolbeins
Snorri Finnlaugsson
Einnig var kosið í hinar ýmsu nefndir – sjá heimasíðu.



Mót:

Á árinu voru haldin 7 mót hjá félaginu. Yfir vetrarmánudöguna var haldið stigamót (Vetrarleikar) þar sem menn kepptu um stig og voru stigahæstu knaparnir verðlaunaðir að loknum þremur mótum. Einnig var haldin firmakeppni, íþróttamót og gæðingakeppni þar sem þátttaka var með ágætum. Hápunkturinn var síðan opið töltmót í júní þar sem knapar frá öðrum félögum freistudust til að ná sér í stig til að komast á Landsmót. Forsetahjónin mættu á svæðið og var forsetafrúin gerð að heiðursfélaga.

Námskeið:

Æskulýðsnefnd hélt 3.námskeið. Í janúar frá mars var haldið námskeið í reiðhöll Gusts en í apríl/máí var haldið

keppnisnámskeið á okkar svæði. Einnig var námskeið fyrir pollaflokk (yngri en 9 ára) Námskeið fyrir fullorðna var haldið fyrir íþróttamót.

Skemmtanir:

Hin árlega Góugleði var haldin í mars, farið var reglulega í félagsreiðtúra. Börnum og unglíngum úr Faki og Sörla var boðið að koma í sundreið með okkur, farið var í óvissuferð á vegum æskulýðsnefndar, haldinn bingó bróns í fjáröflunarskini ofl ofl.

Fjáröflun:

Helsta fjáröflun félagsins er Firmakeppnin (þar sem fyrirtæki styrkja mótið), sumar og haustbeit og félagsgjöld. Auk þess styrkti sveitarfélagið okkur um 350 þús. Félagið stendur ágætlega að vígi eftir sparnaðaraðgerðir undanfarinna ára.

Framkvæmdir:

Nýr reiðvegur var lagður með styrk frá LH og Vegagerðinni. Félagsheimilið var lagfært ásamt fleiru.

Ýmislegt:

Sóti tók þátt í Hestadögum á vegum LH og var m.a. með opið hús fyrir bæjarbúa, teymdi undir börnum ofl. Sóti bauð uppá teyningar undir börnum á 17. Júní, sendi 7 keppendur á Landsmót og hefur árangur Sótafélaga aldrei verið eins góður á LM. Íþróttamaður Sóta 2011 er Alexandra Ýr Kolbeins.

Hér var stiklað á mjög stóru varðandi starfsemi hestamannafélagsins Sóta 2011. Sjá nánar á heimasíðu félagsins www.soti.is (ný síða) www.alftanes.is/soti (gamla síðan)

Virðingarfyllt

Steinunn Guðbjörnsdóttir



Lög Ungmennasambands Kjalarnesþings



1. gr. Heiti og sambandssvæði

Sambandið heitir Ungmennasamband Kjalarnesþings, skammstafað UMSK. Sambandssvæðið er Garðabær, Kjósarsýsla, Kópavogskaupstaður, Mosfellsbær og Seltjarnarneskaupstaður.

2. gr. Réttur til aðildar

Rétt til að vera í sambandinu hafa þau ungmenna- og íþróttafélög sem koma til með að vera starfandi á sambandssvæðinu og hafa lög sín í samræmi við lög Ungmennafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands og starfa í anda þeirra.

3. gr. Umsókn um aðild

Félag sem óskar inngöngu í sambandið, skal senda skriflega umsókn til sambandsstjórnar UMSK ásamt lögum félagsins, skrá yfir stofnfélaga, félagsmenn og stjórn. Félagið öðlast ekki fulla aðild að sambandinu fyrir en sex mánuðum eftir að sambandsstjórn hefur samþykkt inngönguna er staðfestast skal á héraðsþingi.

4. gr. Héraðsþing

Sambandið skal árlega halda héraðsþing og skal það haldið í febrúar ár hvert og til skiptis hjá sambandsfélögunum. Viðkomandi félag ber allan kostnað af þinghaldinu, annan en ferðakostnað þingfulltrúa. Þó getur sambandsstjórn ákveðið aðra tilhögun með héraðsþing, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þing skal boðað með minnst mánaðar fyrirvara. Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir héraðsþing skal senda aðildarfélögum með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara.

5. gr. Hlutverk héraðsþings

Héraðsþing úrskurðar reikninga sambandsins, sem skulu miðast við almanaksárið. Það ræðir og gerir tillögur um starfsemi sambandsins. Ef deilur rísa milli félaga sambandsins, ber héraðsþingi að úrskurða þær nema deilumál og kærur sem fara ber með samkvæmt dóms- og refsíákvæðum ÍSÍ. Héraðsþing ákveður skatt félaganna til sambandsins. Ársskýrslu og skattinn skulu sambandsfélögin senda fyrir 1. apríl ár hvert.

6. gr. Fulltrúar á héraðsþingi

Sambandsfélögin kjósa aðalfulltrúa og varafulltrúa á félagsfundum sínum, til að mæta á héraðsþingi, einn fyrir hverja 100 eða færri og einn fyrir 50 umfram síðasta hundrad gjaldskyldra félagsmanna 16 ára og eldri. Þó skulu fulltrúar aldrei vera fleiri en 9 frá sama félagi. Stjórnarmeðlimir sambandsins hafa atkvæðisrétt þótt þeir séu ekki kjörnir fulltrúar. Héraðsþing er lögmeitt, ef löglega er til þess boðað.

7. gr. Réttur til þingsetu

Á héraðsþingi hafa aðeins kjörnir fulltrúar og sambandsstjórn atkvæðisrétt. Auk þeirra eiga rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

- Fulltrúar ÍSÍ og UMFÍ
- Íþróttafulltrúi ríkisins.
- Skoðunarmenn reikninga
- Meðlimir fastanefnda.
- Starfsmenn sambandsins.

Auk þess getur sambandsstjórn boðið öðrum aðilum þingsetu. Aðeins sá sem er í félagi innan sambandsins er kjöringur fulltrúi þess á héraðsþingi. Hver fulltrúi hefur eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf.

8. gr. Dagskrá héraðsþings

Störf héraðsþings, sem er æðsti aðili UMSK, eru þessi:

- Þingsetning.
- Kosning fyrsta og annars þingforseta.
- Kosning fyrsta og annars þingritara.
- Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
- Skýrsla stjórnar lögð fram.
- Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
- Ávörp gesta.
- Álit kjörbréfanefndar.
- Staðfesting á aðild nýrra félaga.
- Umræður um skýrslu stjórnar.
- Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga
- Skipað í nefndir til starfa á þinginu, þar á meðal kjörnefnd.
- Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.
- Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram.
- Aðrar tillögur lagðar fram.
- Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.
- Afgreiðsla á álit nefnda.
- Önnur mál.
- Kosningar, kjörnefnd skilar álit.
 - Kosning formanns.
 - Kosning tveggja stjórnarmanna.
 - Kosning þriggja manna í varastjórn.
 - Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara
 - Kosning til Íþróttþings skv. lögum ÍSÍ á því ári sem Íþróttþing er haldið.

20. Þingslit.

Ef lægsta atkvæðatala til að ná kosningu fellur á tvo eða fleiri, skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meiri hluti ræður úrslitum nema um lagabreytingar sé að ræða.



9. gr. Aukaþing

Aukaþing skal halda ef nauðsyn krefur og ef helmingur sambandsaðila óskar þess. Allur boðunar- og tilkynningafrestur til aukaþings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukaþingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukaþingi má ekki gera laga- eða reglugerðarbreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt héraðsþing.

10. gr. Stjórn

